

| tíska | jól | tíðarandi | börn | heilsa | matur | tónlist |

birta

» með zól í zinni

JÓLABIRTA

bækur, plötur, gjafir...

MATUR

nýbakað jólabrauð

MARGBREYTILEIKI

ekki eru jól hjá öllum á jólunum

» Ragnar S. Rafnsson

*Bak við Zolberg
leynist Sólberg*

SJÓNVARPSDAGSKRÁIN
9. desember – 15. desember

L'

O

R

Húðlæknar hafa uppgötvað nýja tækni sem endurnýjar yfirborð húðarinnar



E

A

L
PARIS

DERMO-EXPERTISE

Ysta lag húðarinnar endurnýjast
og hún ljómar á aðeins 2 mínútum

REFINISH

ENDURNÝJANDI YFIRBORÐSMÆÐFERÐ HÚÐAR

NÝJUNG

HÚÐIN MEÐHÖNDLUD HEIMA

2 skref, 2 mínútur, tvisvar í viku

- Skref 1:
Efnasamsetning sem inniheldur örsmáa kristalla, hreinsar húðina og endurnýjar yfirborðið.
- Skref 2:
Eftirmeðferðarkrem sem gefur raka og fullkomnar árangurinn. Án ilm- og litarefna með sólarvörn 15


- 100% sléttari húð með fallegri áferð
 - 97% meiri ljómi
 - 91% jafnari húð og litarháttur
- Dregur úr hrukkum

Frá fagmennsku til fegurðar
Því þú átt það skilið

Streita, litlaus húð, fyrstu hrukkurnar...Í starfi mínu síðustu 30 ár hef ég hitt margar konur sem hafa upplifað það að húð þeirra hefur breyst og misst ljómann og þær eru ekki lengur unglagar. Mér finnst ReFinish vera ótrúlega árangursrík leið til að endurheimta unga og frísklega húð. Ég nota hann mikið þegar ég meðhöndla húð kvenna.

Lydia Evans, húðlæknir og ráðgjafi hjá L'Oréal Paris





Listagalleríið er opið á www.ils.is

Nú ára listamenn af öllu landinu sýna í listagalleríinu afraksturinn úr myndasamkeppninni „Draumahúsið“ sem **Íbúðalánasjóður** stóð fyrir í tilefni afmælisins **Húsnæðislán í 50 ár**.

Á vefnum **www.ils.is** má einnig finna myndir frá afhendingu verðlauna í myndasamkeppninni og ljósmyndasýningu sem sýnir þróun húsnæðismála síðastliðin 50 ár.

Íbúðalánasjóður fyrir alla

www.ils.is


Borgartúni 21

105 Reykjavík

Sími: 569 6900 - 800 6969

Fax: 569 6800





Kryddaðu matargerðina með Kryddfeta

Kryddfeti gefur afbragðs gott bragð í alla matargerð.
Kryddinu er blandað í ostinn auk þess sem olían er krydduð.

Fylltu kjúklingabringur með honum eða settu hann
á lambið, pizzuna eða salatið – hann klikkar ekki.





Baðinnréttingar



Þvottahússinnréttingar

Úrvalið er mikið og verðið svo hagstætt að leitun er að öðru eins

*** ELBA**
fast!
 online, danskar innréttingar í
 þu ítölsku ELBA raftækin og
 kápana frá Litháen.

**Uppþvottavélar
 - 2 gerðir**



Sparneytnar og hljóðlátar

IDW-128 alinnbyggð. Kr. 69.900
 LS-12 hvít. Kr. 49.900 - **Tilboð**

Helluborð



Verðdæmi

4ra hellu hvítt eða stál	Frá kr. 17.500
4ra hellu keramik	Frá kr. 32.900
4ra hellu keram. m/snerfir	Frá kr. 52.900
2ja brennara gasborð	Frá kr. 13.900
3ja brennara gasborð	kr. 31.300
4ra brennara gasborð	Frá kr. 26.900
5 brennara gasborð	Frá kr. 35.700
3 gas + 1 raf stál	kr. 26.100

Snaigé

KÆLI- OG FRYSTISKÁPAR



Gerð C-140
 HxBxD=85x56x60 cm
 127 ltr. kæli

Hvítur kr. 26.900



Gerð R-130
 HxBxD=85x56x60 cm
 81 ltr. kæli
 17 ltr. frystir

Hvítur kr. 29.900



Gerð F-100
 HxBxD=85x56x60 cm
 85 ltr. frystir

Hvítur kr. 29.900 **tilboð**

ELBA



Viftur & háfar

Veggviftur:

60cm hvít eða svört/stál	kr. 5.900,-
60cm útdregin 3 gerðir	Frá kr. 10.900,-

Veggháfar:

60cm kantaðir/ rúnaðir	Frá kr. 19.900,-
90cm kantaðir/ rúnaðir	Frá kr. 24.900,-
100cm kantaður	kr. 27.900,-

Eyjuháfar:

66x90cm stál	kr. 59.900
65x90cm stál/gler	kr. 65.900

OPIÐ
 Mánudaga-föstudaga kl. 9-18
 Laugardaga kl. 10-15

Friiform
 Askalind 3 · 201 Kópavogur · Sími: 562 1500



...með allt fyrir jólin!



Dagskráin helgina 10. - 11. desember

Laugardagur

- 13.30 Strákahljómsveitin SPARK
- 15.00 Nylon og Heiða
- 16.30 Strákahljómsveitin SPARK
- 17.00 Nylon og Heiða

Sunnudagur

- 13.30 Strákahljómsveitin SPARK
- 15.00 Nylon og Heiða
- 16.30 Strákahljómsveitin SPARK



Alla helgina

Jólasveinar og lifandi jazz í göngugötu.

Piparkökuhúsaleikur Kötlu - komdu og sjáðu öll glæsilegu piparkökuhúsin.

Pakkajól Kringlunnar og Bylgjunnar - gefðu eina gjöf til viðbótar.

Opið til kl. 22.00 til jóla

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

Veitingastaðir og Kringlubíó hafa opið lengur á kvöldin
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200



„Ég er ekki Zolberg með zetu þegar ég er í flíspeysunni og dúnúlpunni.
Það gerist bara þegar ég er kominn með stríðsmálninguna og í dressinu.“

Ragnar Sólberg Rafnsson » bls. 20

Þetta helst

- 11 Töfrar í dós
- 12 Tíðarandi
- 14 Brennsla Eldars Ástþórssonar
- 16 Blúndur, blóm og bróðerí
- 18 Stekkjarstaur kom fyrstur...

Viðtöl

- 20 Ragnar Sólberg Rafnsson
Bak við Zolberg leynist Sólberg
- 24 Ekki halda allir jól á jólum
Salman Tamimi er múslimi
Sigurður Elías Hjaltason er vottur Jehóva

Hann hún

- 28 Girnilegt jólabrauð
- 34 Anna í Amman
Fimm villur í fatavali
Stjörnuþá
- 36 Mæðgur: Margrét og Raket
Best að börnin fari snemma að sofa
- 38 Heilsa
- 40 Ertu jólabarn?
persónuleikapróf

Jólabirta

- bækur, tónlist, gjafir og fleiri bækur*
- 42 Sigrún Edda Björnsdóttir
Rakkarapakkið í jóga
- 48 Silja Aðalsteinsdóttir
Vonar að hún fái fullt af bókum
- 50 Úlfhildur Dagsdóttir
Finnst Guðrún Eva mestu tíðindin
- 52 Sigrún Eldjárn
Þrjátíu bækur á 25 árum
- 54 Ljóðaleg jól
- 56 Fróðlegar og fjörugar fræðibækur
- 58 Jólabókin mín í ár
- 62 Grasrótin kemur upp á yfirborðið
- nokkrir athyglisverðir geisladiskar
- 66 Jólagaðjarf bílaáhugafólksins
- 68 Jólagaðjarf veiði- og útivistarfólksins
- 70 Jólagaðjarf þeirra sem kunna að meta dekur

Í hverju blaði

- 74 Sudoku
- 77 Sjónvarpsdagskrá næstu viku

birta

9. desember - 15. desember 2005 nr. 49

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar
RITSTJÓRAR: Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is
og Sigríður Björg Tómasdóttir
sigridur@frettabladid.is
ÁBYRGÐARMAÐUR: Steinunn Stefánsdóttir
RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR:
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 550 5000
DREIFING: Pósthúsið ehf., sími 585 8330

AUGLÝSINGAR:
Laila Awad / laila@365.is
Sölustjóri 550 5848 / 824 2356
Ester Sigurðardóttir / ester@365.is
Sölufulltrúi 550 5828 / 899 7600
Ámundi Ámundason / amundi@frettabladid.is
Sölufulltrúi 550 5811 / 821 7514
Guðný Magnúsdóttir / gudnymagg@365.is
Sölufulltrúi 550 5854 / 866 0796

UMBROT: 365 – prentmiðlar
Kristín Agnarsdóttir, Sigurður B. Sigurðsson og
Einar Elí Magnússon
PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf.
FORSÍÐUMYND: Hari
NETFANG: birta@frettabladid.is
Birtu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Akranesi, Borgarnesi, Selfossi og Hveragerði.

JÓLIN ERU: KLUKKAN SEX

NÝTT KORTATÍMABIL

Merkjabúð á tveimur hæðum

Komdu sjálfum þér og ástvinum á óvart. Í Debenhams er úrval af fatnaði og gjafavöru á verði sem kemur þér í jólaskap.

Daman: Kjöll 11.990 kr., hanskar 1.590 kr., skór 5.990 kr., sokkabuxur 899 kr. Skartgripir: Pilgrim. Herrann: Jakkföt 24.500 kr., skyrta með slaufu 3.290 kr. Aðrir hlutir: Ljósakróna 15.990 kr., taukarfa 6.990 kr., glös plast 399 kr. stk., bollapar Denby 2.080 kr., kokteillristari 2.490 kr., Cusinart kaffikanna 12.900 kr., geymslubox úr leðri 5.990 kr., ramar 899 kr., hnifasett 5 stk. 9.990 kr., púði 3.490 kr., bangsar 2.190 kr., barnakjöll 3.990-4.590 kr., barnapeysa 2.190 kr., wokpanna 11.500kr.



DEBENHAMS

SMÁRALIND



Texti: STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON. Mynd: GVA

Töfrar í dós

Það er eitthvað gamaldags og rómantískt við spíladósir. Þegar þær eru trekkar upp og látnar spíla lag, sem stundum verður örlítið skrykkjótt, kemur mynd upp í hugann af börnum sem fannst tæknin hafa náð hámarki þegar þau fengu spíladós í hendurnar. Börnum sem trúðu því varla að svona lítill hlutur gæti framkallað tónlist og laumuðust þess vegna til þess að opna spíladósina þegar enginn sá til svo þau gætu komist að því hvernig hún virkaði. Börnum sem fylgdust hugfangin með gangverkinu í sundurtættu spíladósinni framkalla fegurstu tóna sem þau höfðu heyrt. Börnum sem skömmustuleg tjösluðu spíladósinni aftur saman svo enginn kæmist að því að þau hefðu uppgötvað leyndardóminn. Afkomendur þessara barna sjá aftur á móti ekki hvað er svona merkilegt við spíladósir og finnst sjálf-sagt að setja bara geisladisk í spílarann og hækka í botn.

heitt & kalt

Heitt

Volgt

Hvorki heitt né kalt

Við stofuhita

Ískalt







Niðurþröngar buxur. Já, buxur sem eru þröngar niður eru það vinsælasta í buxna-tískunni núna, bæði fyrir karla og konur. Ekki skemmir ef þær eru svartar, slíkar buxur hafa oft verið nefndar sigarettubuxur eða Bob Dylan-buxur. Þröngar buxur henta ekki öllum en eru samt alveg feikna valar.

Krútt! Það hlýtur að fara að koma að því að hin sætu krútt nái stjórntaunumunum í landinu. Enginn hélt vatni yfir Sigur Rósar-tónleikunum og nú er orðið uppselt á náttúruverndartónleikana sem krúttin standa fyrir. Næsta rökrétta skrefið er að stofna stjórnmálaflokk...

Einkabíllinn! Sala á bílum verður meiri og meiri með hverju árinu sem líður og við það eykst mengunin í landinu alltaf meira og meira. Þurfa virkilega að vera margir bílar fyrir hvert heimili? Þrátt fyrir meiri umhverfisvitund virðist ekkert lát vera á sölu nýrra bíla og spurning hvort þetta eigi eftir að breytast.

Auglýsingabæklingar! Í mesta neyslumán-uði ársins hrannast alls konar auglýsingar-bæklingar inn í forstofuna hjá manni með þeim afleiðingum að oft getur verið erfitt að opna dýrnar heima hjá sér. Svo er það óþolandi verk að ganga frá þessu. Einstaka sinnum má reyndar finna hagstæð tilboð í bæklingunum en það er annað mál.

Aflitað hárl! Það er frekar hallærisleg og hefur í seinni tíð verið táknað hnakkamenn-ingarinnar miklu. Fólki á ekki að þurfa skammast sín fyrir hárlit sinn. Aflitun fer líka einstaklega illa með hársvörðinn. Náttúrulegir litir, það er málið.

» Kurteisi

Lífsgæði sem kosta ekki neitt

Það er algjör óþarfi að missa sig í dónaskap þó að maður sé stressaður. Jólin koma alveg þó að við séum örlít-
ið sein fyrir. Í desember eru næstum allir undir auknu álagi. Þetta á ekki síst við um starfsfólk í verslunum og þjónustufyrirtækjum sem stendur lengri vaktir á annasamari vinnu-
stöðum en aðra mánuði ársins við það eitt að auðvelda okkur að undirbúa jólin. Það er því mjög kuldalegt að hreyta ónotum í kassa-
dömur eða pokadrengrum þó svo að við kunnum að vera óánægð með okkar eigin frammistöðu þann daginn. Það sama gildir raunar ann-
ars staðar líka. Það er ekki jólalegt að æsa sig í umferðinni, býsnast yfir sjónvarpsdagskránni, skamma börnin að ósekju eða rífast við makann fyrir það eitt að vera nálægur. Jólin eru hátíð ljóss og frið-
ar og við ættum að láta jólaundirbúninginn endurspegla það. Ver-
um róleg og ánægð í allri ósinni – en umfram allt kurteis.



» Skógarhögg

Jólatré höggvið með eigin höndum



Það er notaleg viðbót við jólatrjáakaup að höggva trén sjálf/ur. Þessi hefð er stöðugt að færast í aukana og eru Ís-
lendingar nú þegar farnir að aka í hrönnum í skóga landsins og fá sér falllegt tré. Víða verður boðið upp á skógarhögg fyrir þessi jól. Má þar nefna við Fossá í Hvalfirði, Hvamm í Skorradal, Haukadal og Heiðmörk. Hægt er að finna tré í ýmsum stærð-
um, allt frá einum metra upp í þrjá eða fjóra. Fjölskyldan getur nú gert sér glaðan dag og farið út fyrir borgar-
mörkin með nesti og nýja skó. Börnin fá að hlaupa um og velja sér besta tréð á meðan foreldrarnir fylgja á eftir með sögina.

» Jólaljósabíltúrar

Ljósín í bænum

Jólaljósín eru komin upp út um allan bæ og enn eiga eftir að bætast við ljós fram að jólum. Það getur verið skemmtilegt að smala allri fjölskyld-
unni saman upp í bíl og fara á jóla-
ljósarúnt að kvöldlagi. Það er hægt að aka niður Laugaveginum eða Íbúða-
götur sem sjaldan eru farnar og skoða hvernig borgarbúar standa sig í ljósaskreytingunum fyrir þessi jól. Eftir svona rúnt ættu allir í fjölskyld-
unni að vera komnir í jólskap.



» Fótanuddtæki

Retró og afslappandi

Það er alveg ljóst að mikil retró-
stemning ræður ríkjum í hinum vest-
ræna heimi í dag. Hin mikilfenglega menning 9. áratugarins sem hefur oft-
ast verið talað um sem hallærislegustu tísku fyrr og síðar er af einhverjum undarlegum ástæðum orðin heit aft-
ur. Nú er svo komið að 80's fót eru orðin að tískufyrirbrigðum og tón-
listarmenn sækja æ oftar í tónheim hinar undarlegu 80's menningar. Þess vegna er ekki úr vegi að ætla að einn af holdgervingum 9. áratugarins hér á landi, fótanuddtækið, ætti að koma sterkt inn á þessum tíma fortíðarþráarinnar. Fótanuddtæki eru nefnilega ekkert svo hallærisleg fyrirbæri. Í raun eru þau bara mjög þægi-
leg og hægt að slaka vel á með þeirra hjálp. Nú er tími til að vera retró, tími til að nota aftur fótanuddtæki.



Baci

Tjáðu þig með
KOSSUM

Með hverjum
Baci súkkulaðikossi fylgja
skemmtileg skilaboð um
ást og vináttu.



Mjúkt niðgat, ristadar heslihnetur, dökkt gædasúkkulaði

Heill pakki af kossum!

Baci súkkulaðikossarnir fást í mismunandi
umbúðum sem henta til gjafa við öll tækifæri.



ENNEVI 7. STA / NV19106



brennslan mín ...
Eldar Ástþórsson

Skotheld brennsla fyrir ræktina

„Ég hef því miður aldrei drifið í land með að gera persónulegan topp tíu lista yfir bestu lög allra tíma. Það er nokkuð sem maður verður auðvitað að ráðast í, til að setja á MySpace síðuna sína og svona, en það kostar tíma og alvöru vangaveltur. Ekki alveg rétti tíminn fyrir það núna,“ segir Eldar Ástþórsson, kynningarfulltrúi Hr. Örlygs og plötusnúðafrumkvöðull, um hið göfuga verkefni að sjóða saman brennslu fyrir Birtu. Vegna þessa ákvað hann að setja saman ákveðið þema fyrir brennsluna að þessu sinni. „Þetta er skotheld brennsla til að hafa með sér í gymmið.“

- TRACK 1** **METHOD MAN – PLO STYLE (RATATAT REMIX)** Allt í lagi að byrja rólega, svona meðan maður er að ganga hlaupabrettið í gang. Þykkar electró-funk línur Ratatat mæta rýmum Method Man þar sem hann þykist vera jafn harður og skærulíðar PLO.
- TRACK 2** **THE KNIFE – MANHOOD** Meira electró. Sænsku systkinin, frá fyrrverandi heimaborg minni Gautaborg, gera það með eindæmum gott í þessu lagi. Hægri sinnar og íhaldspungar fá gott spark í textanum. Nú er maður kominn í gang.
- TRACK 3** **REYKJAVÍK! – MARLBORO FRIDAY** Komin á þriðja lag og brettið farið að taka í. Nauðsynlegt að hafa gott stuð í gangi. Reykjavík! sjá um það. Prusu lag sem þeir tóku með tilþrifum bæði á Airwaves og Grand Rokk um daginn.
- TRACK 4** **GHOSTIGITAL – NOT CLEAN (GUS GUS REMIX)** Hreint rosalegt dót sem Einar Örn og Curver eru að gera þessa daganna og þegar Gus Gus er komið í spilið er ekki hægt að annað en að slá höndunum út í loftið við drifandi bassatrommuna.
- TRACK 5** **DEPECHE MODE – PERSONAL JESUS** Gamli Depeche-slagarar klikka aldrei. Maður getur hlaupið upp brekku með Dave Gahan og félagi í eyrunum. Personal Jesus er með flottari popplögum sem gerð hafa verið.
- TRACK 6** **QUEENS OF THE STONE AGE – LITTLE SISTER** Eyðimerkur-rokk Queens of the Stone Age drífur mann alltaf áfram í púlinu. Úff...þetta lag er eiginlega of gott. Maður getur allt!
- TRACK 7** **FRANKIE GOES TO HOLLYWOOD – WELCOME TO THE PLEASUREDOME** Kominn tími til að taka á í tækjunum. Það er alvöru karlmennska að lyfta lóðum og hvað er karlmannlega en að hlusta á Frankie Goes to Hollywood á meðan.
- TRACK 8** **LE TIGRE – DECEPTION** Ein af mínum uppáhaldssveitum í ham.
- TRACK 9** **THE WHITE STRIPES – BLUE ORCHID (HIGH CONTRAST REMIX)** Engin gymmferð án alvöru bumbu & bassa. Tveir Íslandsvinir leiða hesta sína saman og eins og við segjum í jungle-bransanum er útkoman algjör „rrrrúúú!“
- TRACK 10** **NEW ORDER – 586** Frábært lag sem fer vel með endorfinvinnu í lokin á hamaganginum. Svipar til annars stórgóðs slagara frá New Order, „Blue Monday“, sem endar að öllum líkindum þegar ég ræðst loksins í að búa til lista yfir bestu lög í heimi.

» birta mælir með...

...**BÓKINN HINIR STERKU EFTIR KRISTJÁN ÞÓRÐ HRAFNSSON!** Þetta er bók sem snertir mann á alveg sérstakan hátt, hún er lágt stemmd og alls ekki ólík fyrri skáldsögu Kristjáns, Hugsanir annarra. Þarna er fjallað um bæði persónulega hluti og líka samfélagslega og hvernig þjóðþekktur einstaklingur bregst við þegar líf hans fer úr skorðum. Einstaklega sönn bók.



...**ÍSLENSKU LÖGUNUM** Dásamlegum diskum L'Amour fou. Flest lögin á diskunum eru gamlir íslenskir standardar í afar vel fluttum tilfinningaþrungnum tangútsetningum. Þetta er diskur sem spilar notalega á tilfinningaskalann og veldur í senn gleði og öriltum trega. Diskur sem gott er að gleyma sér með, til dæmis ef manngangur langar að skilja við desemberstemninguna um hríð.

...**JÓLALEGGI STUND Á GALILEÓ** Galileó veitingastaðurinn í Hafnarstrætinu er með þeim jólalegri í bænum í desember. Veitingastaðurinn býður upp á stórgóðan matseðil og girnilegan jólamatseðil í desember. Staðurinn er kjörinn fyrir háttíðlega stund. Loft efri hæðarinnar er eins og margir þekkjast þakið litlum lýsandi stjörnum sem skapa skemmtilega stemningu við lýsandi kertaljós. Fyrir utan gluggann blasir við Hafnarstrætið alskreytt fögurum ljósum og fállegri grenjólaklukku. Vilji þú endanlega detta í jólagirinn skaltu kíkja við á Galileó.



NÝTT



Nú er allt í lagi að villast smá. Ef þú kannst að lesa, getur þú ratað aftur inn á rétta leið. Verslunin AMG Aukaraf í Kópavogi er nefnilega farin að bjóða Magellan GPS tæki með íslensku viðmóti. Fyrir utan að íslenska öll skritnu orðin sem áður voru í svona tækjum getur þú nú flett upp í íslenskum hjálpargrunni sem skýrir á því ástkæra ylhýra hvernig þú beitir tækinu rétt. Tækið getur sagt þér hvar þú ert og hvert þú átt að fara, hvenær er von á flóði og fjöru, hvenær er best að veiða á hvaða stað, hvenær er sólarupprás, hvað er langur tími þangað til þú kemur á áfangastað miðað við ferðahraða og þar fram eftir götunum. Allt á íslensku. Hvort sem þú ert málverndarsinni eða bara ósköp venjulegur ferðalangur er þetta hiklaust sniðugasta leiðin til að villast... og átta sig aftur.

SKEMMTILEGT GJAFAKORT FYRIR BÖRN!



SPRÖTUVIR



GJAFAKORT

Fimmbúsund

Frantíla

Sóley



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

© 2015 Landsbankinn hf. All rights reserved.



Svartur kjóll með gylltri blúndu
kr. 15.000 Kow, Þjúra



Svartur og hvítur blúndutoppur með kanínuskinni kr. 17.000 Júniform



Kjóll með bróderuðu blómamunstri kr. 28.900 Trilógía



Hvítur blúndukjóll með gylltu bróderí kr. 24.900 Júniform



Heklaður gylltur kragi kr. 11.500, Krúsílius, Þjúra

Blómaspangir kr. 4.500 stk. Krúsílius, Þjúra



Bróderað pils kr. 26.000 Trilógía



Fölbleikt blúndupils kr. 5.300 Trilógía



Grátt blúndubuxnapils kr. 14.900 Trilógía



Blómaspangir kr. 4.500 stk. Krúsílius, Þjúra

» BLÚNDUR, BLÓM & BRÓDERÍ

Kvenleiki og rómantik gegna stóru hlutverki í tísku vetrarins. Í sniðagerð er áhersla lögð á mitti og mjaðmir og efnin eru munúðarfull. Flauel og ýmiss konar silkiblúndur eru áberandi og blúnduefnin hafa rutt sér til rúms á ný. Blúndurnar stinga alltaf upp kollinum reglulega í tískuheiminum og margir muna eflaust eftir sjálfri drottningu poppheimsins, Madonnu, í svörtum og hvítum blúndum frá toppi til tár hér um árið. Nú er blúndan enn og aftur orðin aðalmálið og þess vegna er það algjörlega nauðsynlegt að eiga að minnsta kosti eina blúnduflik eða fylgihlut úr einhvers konar blúndu fyrir þessi jól. Blúndugammosiurnar í Trilógíu eru geggjáðar og blúndublómaspangirnar hjá Þjúru yndislegar. Kjólarnir hennar Birtu í Júniform eru líka svakalega sætir og sexí, rykktir gegnsær blúndukjólur með gullslegnu bróderí, það verður ekki skvísulegra. Það má líka víða sjá fallegan skrautlegan ísaum og blómamunstur innan um blúndurnar sem eykur enn á rómantískan kvenleikann sem allar konur eiga að kalla fram núna í hátíðlegu húminu.

Um sjón Hildur Hafstein Myndir Stefán

Flottur fatnaður

Str. 36-56



Bæjarlind 6, sími 554 7030



Leðurjakkar verð kr. 9990
Mörg snið margir litir



Laugavegi 54,
sími 552 5201



Sa Guðrún
tískuverslu
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077



Viðtal: JÓHANNA SVEINSDÓTTIR Myndir: HEIÐA

Stekkjastaur kom fyrstur, stinnur eins og tré

Birta datt aldeilis í lukkupottinn þegar hún rakst fyrir einskæra tilviljun á Stekkjastaur þar sem hann var að læðupokast um götur borgarinnar. Birta gaf sig á tal við jólasveininn og ræddi við hann um jólasveinalífið.

JÆJA ,STEKKJARSTAUR, HVERNIG STENDUR Á ÞVI AÐ ÞÚ ERT KOMINN TIL BYGGÐA?

Jú, ég er nú kannski heldur snemma hingað kominn. En það vildi þannig til að Þjúgnakrækir át jólabjúgað hennar mömmu. Hún varð hoppandi brjáluð og er búin að öskra af reiði stanslaust í þrjá daga. Já, já, já, Leppalúði pabbi er orðinn hálfheyrnarlaus. Ég sá mér leik á borði í öllu uppnáminu og laumaðist út úr hellinum. Ég var farinn að hlakka svo til að hitta börnin að ég gat ekki beðið lengur. Jólakötturinn elti mig þannig að hann er hérna á ráfi einhvers staðar. Ég held hann sé að funda með Svavari tiskulöggu á Grillinu í dag en svo tekur hann til starfa á morgun. Hins vegar setja börnin skóinn út í glugga þann 11. desember og þá þarf ég að fylla af gjöfum, já, já, já.

HVERNIG VEISTU HVAÐA BÖRN EIGA AÐ FÁ DÓT Í SKÓINN OG HVER EIGA AÐ FÁ KARTÖFLU?

Jú, það er nú einfalt, já, já, já. Jólasveinar eru skal ég þér segja með svo stórt hjarta. Við bara finnum í hjartanu hvaða börn eru góð og hvaða börn eru óþæg. En við auðvitað njósnum líka, já, já, já, það gerum við svo sannarlega. Við laumumst um mannabyggðir og fylgjumst með því hvað börnin eru að gera. Eitt leyndarmál skal ég segja þér; þótt þú hafir verið eitthvað óþæg í ár þá fá allir tækifæri til að bæta fyrir óþekktarskapinn. Batnandi fólki er best að lifa, það segir Gryla mamma alltaf við Kertasníki þegar hann er búinn að borða öll kertin hennar.

HVAÐ GERIR ÞÚ ÞEGAR ÞÚ ERT BÚINN AÐ GEFA BÖRNUNUM Í SKÓINN? FERÐU NOKKUÐ HEIM Í FJALL FYRR EN Á JÓLADAG?

Jú, jú ég verð á meðal manna fram yfir jól enda er í mörgu að snúast, já, já, já. Ég auðvitað hjálpa bræðrum mínum. Stundum þarf ég að aðstoða Stúf litla. Þá set ég hann á háhest þegar hann á erfitt með að ná upp í gluggana. Svo kemur það fyrir á hverju ári að Giljagaur týnist í

einhverju gilinu. Þannig að við erum farnir að setja á hann GPS-staðsetningarpunkt svo það sé auðveldara að hafa upp á honum. Einnig þarf að halda jólakettinum við efnið og iðulega þarf ég að hafa upp á honum í Sævari Karli þar sem hann er að máta bindi og silkibrækur. Svo þarf líka að ganga með Ajax-gluggauða á eftir Gluggagægi. Hann verður svo forvitinn karlinn þegar hann kíkir inn um gluggana að nefið flest út og skilur eftir far. Já, já, já. Það er alltaf nóg að gera.

ER SAMT EKKERT ERFITT AÐ VERA Á FERLI Í MANNABYGGÐUM? ÞURFIÐ ÞIÐ EKKI AÐ PASSA ÞAÐ AÐ FÓLK SJÁI YKKUR EKKI?

Jú, stundum er erfitt að láta engan sjá sig. Já, já, já. Ég auðvitað reyni að láta fara lítið fyrir mér. Stundum kemur einhver auga á mig en þá fel ég mig bara á bak við ljósastaur eða umferðarskilti og þá sér mig enginn skal ég segja þér. En það er heldur erfðara að vera með Hurðarskelli í för þegar maður vill lítið láta yfir sér. Bévítans læti alltaf í honum, skellandi hurðum og svo hlær hann alveg eins og jólasveinn. Eitt skiptið vorum við þrír saman, ég, Hurðarskellir og Gáttaþefur og heldurðu að Hurðarskellir hafi ekki klemmt nefið á Gáttaþef milli stafs og hurðar. Þá urðu nú aldeilis lætin. Sem betur fer vorum við á spítalanum að heimsækja veiku börnin og enginn vaknaði við lætin, já, já, já, það kom myndarlegur hjúkrunarfræðingur okkur til hjálpar og batt um nefið á Gáttaþefi. Þetta var þarna um árið sem allir sátu uppi með ótíð laufbrauð. Greyið fann enga lykt til að ganga á.

MIKIÐ VAR NÚ GAMAN AÐ FÁ AÐ SPJALLA VIÐ ÞIG STEKKJARSTAUR. LANGAR ÞIG AÐ SEGJA EITTHVAÐ AÐ LOKUM?

Reyndar gleymdi ég ullaarbókunum mínum heima þannig að ef einhver á síðbrækur til að lána mér í kuldanum þá má bara skilja þær eftir í gluggakistunni við hliðina á skónum. Já, já, já. Gleðileg jól allir og verið nú þæg og góð.

Nóvembertilboð!

Allt að 10 kg á 700 kr.
til allra áfangastaða

HESSA MCGILKJÓRAN ER SÍÐSÍÐU 1352, 1353

til og frá öllum áfangastöðum • fjöldi ferða daglega • hratt og örugglega • frysti- og kæligeymslur á helstu áfangastöðum



FRAKT

Mikilvæg sending hratt og örugglega

Nóvembertilboð fraktflugs Flugfélags Íslands gerir þér kleift að senda pakka allt að 10 kg, á alla áfangastaði fyrir aðeins 700 kr. Tilboðið gildir til 20. desember.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Taktu flugið



BAK VIÐ ZOLBERG

» leynist Sólberg «



„Mér finnst tónleikar ekki vera almennilegir nema allt sé brjáláð. Annars getur maður alveg eins setið heima og hlustað á geisladisk.“

Viðtal: MARÍA ÞÓRA

ÞORGEIRSDÓTTIR

Myndir: HARI

Förðun: ELÍN REYNISDÓTTIR

Hann situr á móti mér í flíspeysu með leifar af svörtu naglalakki og augnmálningu frá kvöldinu áður. Í dag heitir hann Ragnar Sólberg Rafnsson og er fremur hlédrægur strákur og feiminn. Það er þó aðeins tæpur sólarhringur síðan hann hefði fremur skrifað sig Ragnar Zolberg, klæddist klæðislitlum og óhefðbundnum fötum og fór hamförum í gítarleik og söng.

Þessi athyglisverði strákur hefur áorkað mörgu á nítján ára ævi. Hann hóf gítarspil tveggja ára gamall, hefur tvisvar tekið þátt í Músíktílaunum (fyrra skiptið ellefu ára gutti) og stefnir nú á tónleikaferð til Bandaríkjanna ásamt hljómsveit sinni Sign. Ragnar er rokkari í húð og hár og hefur ákveðnar skoðanir á lífinu og tilverunni.

TÓNLISTIN Í BLÓÐINU

„Ég hafði áhuga á tónlist löngu áður en ég fæddist, hún hefur alltaf verið númer eitt hjá mér. Það eru stöðugt lög að spilast í kollinum á mér, sumir hugsa í litum, aðrir í orðum, ég hugsa í tónlist. Ég eignaðist fyrsta gítarinn minn tveggja ára gamall. Ég braut hann reyndar um fimm ára aldur þegar ég var að hlusta á Metalicu. Síðan voru það þrír eða fjórir gítarar í röð sem eyðilögðust allir þegar ég var kominn í aðeins of mikinn fíling, einn að slamma inni í herbergi. Síðan fékk ég rafmagnsgítar þegar ég var sex ára. Þá fór eitthvað að gerast og ég byrjaði að semja. Mér fannst það um leið ótrúlega magnað og gaman.“ Það fór lítið fyrir öðrum áhugamálum hjá Ragnari í æsku nema þá helst að teikna. „Það er kannski svipuð útrás að teikna og spila tónlist, það er hvort tveggja gott fyrir hugann. Ég held ég hafi teiknað meira þegar ég var yngri því þá var ég ekki eins flinkur á hljóðfæri, það var svona til bráðabirgða.“ Ellefu ára gamall keppti Ragnar í Músíktílaunum með hljómsveitinni Rennireið sem þá var yngsta hljómsveit sem tekið hafði þátt í keppninni. „Ég spil-

aði á trommur, bassa og gítar og við fengum verðlaunin Bjartasta vonin. Við spiluðum ekki mikið saman eftir það en ég gaf út sólóplötu stuttu seinna. Síðan var ég mikið einn að spila fyrir sjálfan mig, þar til Sign var stofnuð árið 2000 og hér er ég!“

SÓLBERG EÐA ZOLBERG

Ragnar hefur vakið mikla athygli fyrir sviðsframkomu sína sem er ögrandi og óhefðbundin. „Mér finnst tónleikar ekki vera almennilegir nema allt sé brjáláð. Annars getur maður alveg eins setið heima og hlustað á geisladisk. Þetta á að vera show og hljómsveitarmeðlimir verða að meina eitthvað með því.“ Ragnar er ekki eins uppi á sviði og í hinu hversdagslega lífi. „Ég er ekki Zolberg með zetu þegar ég er í flíspeysunni og dúnúlpunni. Það gerist bara þegar ég er kominn með stríðsmálinguna og í dressinu. Þá er ég annar karakter. Ég er nefnilega svolítið feiminn en þegar ég er ekki ég, heldur hinn ég, þá er alveg lítið fram hjá því. Það er gott að fá útrás á sviðinu. Þessi hlið kemur reyndar ekki einungis á sviði, heldur bara almennt þegar ég er í fíling. Ég veit ekki hvað ákveður um hvernig ég er á hverjum tíma. Þegar ég breyti um ham er ég ekki eins rólegur og til dæmis núna. Ég er ekki endilega að blaðra mikið og hreyfa mig en það er eitthvað að gerast inni í mér og þá er ég mest skapandi og sem bestu tónlistina.“

Ragnar á sér nokkrar fyrirmyndir þó það sé engin ein sem hann vilji líkjast í einu og öllu. „Það eru rokkararnir sem maður ólst upp við á veggnum hjá sér og eru þar enn, Kiss og Skid Row. Síðan hefur bíómyndakarakterinn Eric Draven úr The Crow haft mikil áhrif á mig. Eftir þá mynd breyttist eitthvað, ég held að myrkrahljóðin hafi komið þá inn og er enn til staðar.“ Draumur Ragnars er að verða rokkstjarna en það er ekki endilega frægðin sem hann falast eftir. „Mér finnst ógeðslega gaman að hneyksla fólk, samt ekki á neikvæðan



hátt. Mér finnst gaman að sanna fyrir fólki að maður geti verið allt í lagi strákur þótt maður sé málaður og í rifnum fötum. Ég held að það sem felist kannski í draumnum mínum sé að hafa áhrif á fólk. Það eru rangar áherslur í lífinu og það þarf stöðugt einhvern til að minna fólk á að það er meira í lífinu en vinna og stress. Ekki það að ég sé að fara að breyta heiminum.“

TRÚIR Á ÞÖGNINA

Ragnar hefur greinilega vissar hugmyndir um lífið. „Mér finnst skipta mestu máli að láta sér líða vel. Fólk hefur mismunandi aðferðir til þess og ein er ekkert verri en önnur. Þetta kemur allt heim og saman í ástinni, sama hvort það er ást á mann-eskju eða öðru. Fyrir mér er ástin í tónlistinni, það er ekkert flóknara en það. Mér finnst langskemmtilegast að sitja heima, drekka kaffi og hlusta á tónlist. Já og spila þegar við gerum það. Mér finnst oftast best að vera einn, ég get verið einsamall heillengi án þess að það fari í mig. Ég hef samt rosalega gaman að samkomum eins og partyjum og matarboðum.“

Rokkarinn kveðst vera trúður þó að hann fari ekki í kirkju. „Ég trú á þögnina og orkuna í heiminum. Móðir náttúra er ótrúlega flott, það er einhver svakaleg orka sem myndar eina heild og sameinar allt. Ég les svolítið búddisma og ef ég þyrfti að setja mig í einhverja trú þá væri það búddatrú. Mér finnst rosalega gott að hugleiða og stunda jóga, maður verður svo lífs glaður af því. Annars er ég allt of latur við þetta. Maður gefur sér ekki nægan tíma í slíka hluti, það er dálítið mikið um það í heiminum í dag.“

FRAMTÍÐIN ÓRÁÐIN

Í dag lifir Ragnar eingöngu á tónlist. Hann fór raunar í menntaskóla en hætti fljótt. „Ég varð svo andskoti þunglyndur af því. Ég hafði náttúrulega engan áhuga á lærdómi og leiddist þess vegna rosalega. Á annarri önninni minni var ég boðaður á fund hjá skólastjóranum sem sagði bara hreint út að ég ætti ekki heima þarna heldur ætti að vera að spila tónlist. Mér fannst það dálítið gott hjá honum.“ Í dag kennir Ragnar tvisvar í viku í rokkdeild Gítarskóla Íslands þó hann hafi einungis lokið fyrsta stigi á gítar. „Það var á klassískum gítar. Það þarf engin stig til að kenna rokk, bara greddu. Það er sama hvað verið er að spila, ef maður hefur nógu hátt í spilaranum er það alltaf flott.“

Sign keppti í Músíktíraunum árið 2000, nokkrum mánuðum eftir að hún var



stofnuð (raunar þá undir nafninu Halim), og lenti í öðru sæti. Fimm árum síðar er þriðji diskur hljómsveitarinnar í höfn. Hann nefnist Thank God for Silence og

„Ég trú á þögnina og orkuna í heiminum. Móðir náttúra er ótrúlega flott, það er einhver svakaleg orka sem myndar eina heild og sameinar allt.“

hefur fengið góða dóma. Þar koma við sögu hljóðupptökustjórnir Mark Plati sem hefur meðal annars unnið með The Cure og David Bowie og gítarleikarinn Earl Slick sem lék meðal annars inn á plötur John Lennons og hefur starfað með David Bowie lengi. „Við erum með um-

boðsskrifstofu í London sem sendi demóupptökur frá okkur út um allt. Þessir tveir upptökumenn voru spenntir og komu og unnu plötuna með okkur. Við vorum í dag að klára annan hringinn í kringum landið til að kynna plötuna. Hann var líka hugsaður til að æfa okkur fyrir ferð til Bandaríkjanna í byrjun næsta árs. Við munum túra í Los Angeles, New York og Texas en þar er hátíð sem heitir South by South West og er mikið showcase festival.“ Hljómsveitin ætlar einnig að halda til Englands þó ekki sé alveg búið að ganga frá því. „Ég veit ekkert hvað tekur við eftir það, hvort við komum aftur heim eða hvort eitthvað muni gerast úti.“

Það var Ragnar Sólberg sem talaði við blaðamann þennan eftirmiðdag sem jafnframt var nítjándi afmælisdagur Ragnars. Hann ætlaði að hafa það frekar rólegt og gera eitthvað skemmtilegt með unnustu sinni. Það er þó aldrei að vita hvenær hin hliðin birtist, kannski strax í dag en örugglega á næstu tónleikum.

**GJAFABRÉF
ICELAND EXPRESS
19.900 kr.**



GJÖF FYRIR ÞÁ SEM ELSKA AÐ FERÐAST

» Hættu að hafa áhyggjur! Þú leysir jólagjafavandann best með því að gefa gjafabréf frá Iceland Express. Bréfið kostar aðeins 19.900 krónur og innifaldar eru flugferðir báðar leiðir með sköttum til hvaða áfangastaðar sem Iceland Express flýgur til. Gefðu elskunni þinni, foreldrum, krökkunum eða starfsfólkinu draumaferðina um jólin og þú getur verið viss um að gjöfin hittir í mark.

» Bókunartímabil jólagjafabréfsins er frá 26. desember til 1. febrúar 2006 og eftir það gildir gjafabréfið sem inneign í 2 ár. Jólagjafabréfið gildir í flug á tímabilinu 15. janúar til 1. júlí 2006.* Í boði eru spennandi flugferðir til Kaupmannahafnar, London, Friedrichshafen, Frankfurt Hahn, Gautaborgar, Stokkhólms, Berlínar og Alicante.

*Takmarkað sætaframboð

Ekki halda allir jól á jólum

Nú er jólaundirbúningur landans að nálgast algleymisástand. Flestir spila með en þeir eru þó til sem taka ekki þátt í jólahaldi, að minnsta kosti ekki nema að hluta. Birta ræddi við bæði múslima og votta Jehóva um siði og venjur í kringum jólin.

Gaman að lýsa upp myrkrið

Múslimar hér á landi skipta hundruðum. Sumir gera sér engan dagamun á jólum en aðrir halda menningarhátíð í tilefni þeirra. Þar á meðal er Salmann Tamimi tölvunarfræðingur.

Ég og mín fjölskylda höldum jólin hátíðleg en það hefur ekkert með fæðingu frelsarans að gera, sögulega séð. Þetta er partur af menningunni hér á Íslandi og við samlöguðumst henni að vissu marki,“ segir Salmann sem er búinn að búa hér á landi í 35 ár og er orðinn sextán barna afi. „Við bjóðum hvert öðru í mat innan fjölskyldunnar og ég hef gaman af að hitta börnin á jóluunum en þetta er engin trúarhátíð í okkar augum.“

Salmann er formaður félags múslima hér á landi. Hann segir meðlimi þess um 400 og að þeim fari stöðugt fjölgandi. Sumir þeirra líti á jólin sem hverja aðra daga en margir haldi hátíð í svipuðum stíl og Íslendingar, skreyti hús sín, gefi gjafir og fari í heimsóknir. „Þeir gera það út frá menningarsjónarmiði en ekki trúarlegu,“ segir hann og ítrekar að múslimar trúu því ekki að Jesús hafi fæðst á þessum tímapunkti.

„Við múslimar höldum tvær aðalháttíðir á ári. Önnur er Ramadan sem er föstumánuðurinn á haustin og svo höldum við hátíðlegan daginn sem Abraham ætlaði að fórna syni sínum Ísak. Sá dagur er tengdur tunglkomu þannig að hann færir til um tíu daga og er núna 6. janúar. Í Jerúsalem þar sem ég er alinn



upp eru margir kristnir og borgin er öll ljósum prýdd. En kirkjudeildirnar þar eru margar, ég nefni lúthersku kirkjuna, orthodox og rússnesku kirkjuna og því halda ekki allir jólin á sama tíma. Armenar halda jólin til dæmis 18. - 21. janúar.“

Það er greinilegt að Salmann er mjög umburðarlyndur þegar kemur að jólahaldi kristinna. „Mér finnst gaman að lýsa upp myrkrið í kringum mig og boðskapurinn um frelsi og frið í heiminum er fagur. Það eru dýrmæti sem sóst er eftir í öllum trúarbrögðum. Íslendingar eru ekki allir múslimar þannig að við verðum að hafa hátíð á þessum tíma. Svona krakkajól. Það er voða gaman,“ segir hann brosandi og bætir við að endingu. „Við múslimar lítum ekki á jólin sem sögulegan fæðingardag frelsarans en ég gleðst með vinum mínum og óska þeim gleðilegra jóla.“

Salmann segir friðarboðskap jólanna dýrmæti sem sóst sé eftir í öllum trúarbrögðum.

12 Tónar í jólaskepi!



Ragnheidur Gröndal
After the Rain



KK & Ellen
Jólin eru að koma



Minnsta stórverslun á Íslandi
- Tónlist á tveimur hæðum.

12 Tónar

Skólavörðustíg 15 • 511-5656
Klassík - Djass - Heimstónlist - Rokk - Raftónlist

Dagskrá helgarinnar:

Eftirfarandi listamenn spila í verslun
12 Tóna laugardaginn 10. des.

15:00 KK & Ellen

16:00 Þórir

17:00 Dr. Spock



Fjölskyldan samankomin. Sigurður Elfas Hjaltason og Ingrid Nesbitt ásamt sonum þeirra, James Elfasi og Alec Elfasi Sigurðarsonum.

Ekki hátíð kristinna manna

Í augum sumra þýða jólin ekki endilega hamborgarhrygg og harða pakka. Fyrir vottum Jehóva er 24. desember næstkomandi bara venjulegur laugardagur.

Sigurður Elías Hjaltason er vottur Jehóva. Fyrir utan að nýta aukafrídaga til að taka því rólega og hitta ættingja og vini hafa jólín lítil áhrif á daglegt líf hans og fjölskyldu hans. Ekki vegna þess að þau hafi eitthvað á móti því að fjölskyldur sameinist við veisluborð og gefi gjafir. Þau líta bara ekki á jólin sem kristna hátíð.

„Jólin eru ekki trúarhátíð kristinna manna, heldur heiðin hátíð. Ef fólk skoðar söguna af fæðingu Jesús blasir það við að hann fæddist ekki á jölunum. Miðað við tímasetningu manntala og hinnatlegu Rómarmeldis má ætla að Jesú hafi fæðst í október eða þar um bil,“ segir Sigurður og bendir á að jólin séu sólaruppristuhátíð, enda rétt á eftir vetrarsólstöðum.

Vottar Jehóva eru kristnir og iðka trú sína meðal annars með því að leggjast í rannsóknir og hreinsa trúna af heiðnum áhrifum. Stærsta trúarhátíð þeirra er minningarhátíðin sem er tímasett eftir síðustu kvöldmáltíðinni. „Þá hittumst við í ríkissalnum og hugleiðum þá atburði sem fylgdu í kjölfarið og þau skilaboð sem Kristur skildi eftir.“

Sigurður segir fjölskylduna reyna að halda sig frá stressi og verslunum á þessum árstíma og láta aðfangadagskvöld líða eins og önnur kvöld.

„Sumir fara til dæmis úr bænum. Sjónvarpsstöðvum hefur fjölgað á síðustu árum, það er hægt að leigja spólu og svo er gott að hafa nóg af bókum,“ segir Sigurður og bætir við að drengirnir á heimilinu séu þokkalega sátir við þetta fyrirkomulag.

„Þeir eru sex og níu ára. Við reynum að finna einhvern meðalveg því í skólum og leikskólum snýst allt um jólin í desember. Við höfum fengið kennara til að leyfa þeim að fönndra eitthvað annað en jólasbraut til dæmis.“

Þó að vottar haldi ekki jól er fjarri því að fjölskyldur þeirra haldi ekki veislur eða gefi gjafir.

„Við gerum það þegar þannig stendur á, til dæmis ef einhvern vantar eitthvað eða við höfum ástæðu til að fagna,“ segir Sigurður. En hvað skyldi vera á borðum votta á aðfangadag? „Hann ber upp á laugardag í ár. Ætli það verði þá ekki fiskur, hér er oftast fiskur á laugardögum,“ segir Sigurður að lokum.

Fullkomin gjöf

LÍFSTÍÐAREIGN

TIVOLI AUDIO Music System

Model Two

Model CD

Model Sub

Litur: Kirsuber, hnota, svart/silfur, hvítt/silfur



www.tivoliaudio.is

Útsölustaðir:

Epal, Skeifunni 6, S.568 7733

Kokka, Laugavegi 47 S.562 0808

Duka Krínglunni S.533 1322

CM Laugvegi 68, S.551 7015


Mirale, Grensásvegi 8, S.517 1020

Halldór Ólafsson, Glerártorgi S.462 2509

Gleraugnamiðstöðin, Egilsstöðum S.471 1606

Tónspil, Neskaupsstað S.477 1580

COLT



Verð **1.485.000 kr.**

MASC stöðugleikastýring · ABS hemlalæsisvörn · EBD hemlajöfnunarkerfi · MATC spyrnustýring
Aksturstölvla · Hiti í framsætum · Fjarstýrðar samlæsingar · rafdrifnar rúðuvindur að framan



MITSUBISHI
MOTORS



Nýbakað jólabrauð

» í anda vina okkar á hinum Norðurlöndunum

GÓÐUR GRUNNUR

Það er eitthvað alveg ótrúlega skandinavískt að baka gerbrauð, móta það fagurlega og njóta á adventunni. Oft er sama uppskriftin notuð með margs konar útdúrum og skreytingum og spilar hugmyndaflug og gjarnan hefðir þar stóran þátt. Hér er ein mjög góð grunnuppskrift að gerdeigi sem hægt er að nota á marga vegu. Byrjum á henni:

- 3,5-4 bollar hveiti
- 3 tsk. þurrger
- 1 msk. flórsykur
- 1 msk. salt
- 1,5 bollir mjólk
- 25 g smjör

Setjið hveiti, ger, sykur og salt saman í stóra skál. Hitið saman mjólk og smjör í potti þar til smjörið bráðnar, í um 2 mínútur. Hellið heitri mjólkinni saman við þurrefnin og

hrærið með gaffli til að úr verði gróft deig. Það gæti þurft að setja meira hveiti saman við deigið ef það er of blautt. Hnoðið því næst deigið í höndunum eða í hrærivél þar til það er silkimjúkt. Komið deiginu fyrir í olíu-smurðri skál og lokið henni þétt með plastfilmu. Látið hefast í klukkustund eða þar til deigið hefur tvöfaldast að stærð. Sláið loftið úr deiginu á hveitistráðu borði. Mótið að vild. Látið hefast aftur undir hreinu stykki í um 30 mínútur og bakið síðan við 225 gráður í um 15 mínútur eða þar til gullið.

SAFFRANSNÚNINGAR

Að nota saffran í gerdeigið gefur því gullinn lit og ákveðið bragð. Það er órjúfanleg hefð hjá frændum okkar að baka saffranbrauð á þessum árstíma enda eru þessir snúningar sérlega góðir. Þá er hægt að skreyta með rúsinum og kokkteilberjum. Notið grunnuppskrift af gerdeigi en breytið eftirfarandi:

- 120 g smjör
- 1 dl sykur
- egg
- tæpt 1 g saffranþræðir

Hitið mjólk og smjör saman í potti þar til smjörið er bráðið. Setjið sykur, salt og saffranþræði saman við. Hrærið saman. Saffranþræðirnir þurfa smá tíma til að gefa lit. Takið af hellunni og hrærið eggjið saman við. Gætið að því að blandan sé ekki of heit svo eggjið eldist ekki. Hrærið þétt. Sigtíð blönduna. Hellið henni saman við hveiti og ger í stórra skál. Hrærið með gaffli sbr. í grunnuppskrift og fylgið henni hér eftir. Mótið bollur sem þið síðan fletjið út og snúið upp í S. Penslið með eggji. Skreytið með rúsinum eða kokkteilberjum í krókana. Bakið við 225 gráður í 5-10 mín. Gætið að því að baka snúningana ekki of lengi. Þeir eru bestir lungamjúkir.



SÍRÍUS KONSÚM

— svo allt verði gott!



Umsjón: HALLA BÁRA GESTSDÓTTIR
Myndir: GUNNAR SVERRISSON
Ritstjórar tímaritsins VEGGFÓÐURS

SÆT BRAUÐKAKA MEÐ APPELSÍNU- OG VANILLUKEIM

Þessi útfærsla á gerdeigi er skemmtileg og öðruvísi. Kakan er falleg að bera fram og hægt að skreyta hana með mörgu öðru en hér er nefnt; öðrum berjum, hnetum, möndlum, súkkulaði, sykri. Notið grunnuppskrift af gerdeigi en breytið eftirfarandi:

2 msk. flórsykur
50 g smjör
2 egg
1/2 tsk. vanilludropar
fint rifinn börkur af einni appelsínu

GLJÁL: Hrært egg. 1 msk. appelsínusafi.
Hrært vel saman.

OFAN Á: Fersk bláber eða önnur ber.
Pistasíu-hnetur. 2 msk. demerara-sykur og
1/4 tsk. kanill hrist saman.

Notið sömu aðferð við deiggerðina og við gerð saffransnúninganna. Mjólk og smjör er hitað saman og út í vökvann fer sykur, vanilludropar og börkur. Hrærið vel saman. Takið pottinn af hellunni og hrærið egginn þétt út í. Hellið saman við þurrefnin. Hrærið og hnoðið. Þegar deigið hefur hefast samkvæmt leiðbeiningum í grunnuppskrift fletjið þið það út í ferning (um 20x30 cm). Setjið í mót eða á bökunarpappír á plötu. Smyrjið með gljáanum. Dreifið berjum og hnetum jafnt yfir, sykrið með kanilsykrinum. Bakið við 200 gráður í um 10 mín. Lækkið hitann í 150 gráður og bakið í aðrar 5 mín. Þá ætti kakan að hafa risið aðeins og vera gullin á jöðrunum. Best að borða kökuna volga.

Láttu
Frón sjá
um að baka
jóla
smákökurnar

-og farðu í ferð
til Evrópu

**UPPSKRIFTA
SAMKEPPNI**

FRÓN efnir nú til uppskriftarsamkeppni. Sendu okkur eftirlætis smákökuuppskriftina þína og þú gætir unnið helgarferð til Evrópu. Sú smákökutegund sem þykir ljúffengust verður sett á markað fyrir jólin 2006. Ekki nóg með það heldur mun smákökutegundin bera nafn vinningshafans.

Uppskriftir þurfa að berast Frón fyrir 24. desember 2005 og sendast með tölvupósti á uppskrift@fronkex.is eða bréfleiðis til: FRÓN, Skúlagötu 28, 101 Reykjavík.



www.fronkex.is

LA BELLE CREAM:

Jólablíkjörinn í ár

Koníaks- og rjómalíkjörinn fransk La Belle Cream er 17% að styrkleika, framleiddur með 100% koníaki. Hann er silkimjúkur, sætur en þurr með karamellu og kaffibraðði og djúpum koníakskeim. Finleikinn vekur bragðlaukana. Léttur, fíngerður og ódýrari en aðrir rjómalíkjörar. Heillandi þægindi einkenna

hann, hægt er að framreiða hann á hefðbundinn hátt á klaka, hressandi í kaffið hvort sem er í heitt kaffi eða svalandi ískalt espresso-Belle Cream. Og auðvitað í konfektíð!

**La Belle Cream kostar 1.990 kr.
og fæst í flestum vínbúðum.**



La Belle Cream brûlée: (Handa 6 manns)

500 g rjómi

6 eggjarauður

90 g sykur

1 vanillustöng

börkur af einni appelsínu

4 g matarlím (2 blöð)

4 cl La Belle Cream líkjör

hrásykur

Blandið sykri með eggjarauðum. Hitið rjómann að suðu með vanillustöng og appelsínuberki í. Blandið saman við eggjarauðurnar án þess að þeyta. Bætið matarlími í og sigtið. Bætið La Belle Cream rjómalíkjörnum út í. Hellið í skálar og kælið í tvo til þrjá tíma. Sáldrið hrásykri á yfirborðið. Brennið undir vel heitu grillinu í ofninum eða með gas brennara. Berið fram strax með glasi af La Belle Cream. Til að hafa enn meiri stemningu er hægt að bæta appelsínuberki og lichi-sorbet frá Sandholt bakarí ofan á.

*Uppskrift frá Ásgeiri Sandholt
í Sandholt bakarí*

Jólatilboð EJS

frábærar heimilistölvur á ótrúlegu verði



Nú er rétti tíminn til að hressa upp á heimilistölvuna. Dell Dimension línar sameinar alla þá kosti sem gera Dell að mest seldu tölvum í heimi: Nýjustu örgjörva og íhluti, vandaðan frágang og verð sem stent samkeppni. Veldu merki sem þú getur treyst og njóttu framúrskarandi þjónustu EJS.



Dell Dimension 1100



Intel Celeron D 325 2.53GHz/533MHz FSB 256k
256MB 400MHz DDR vinnsluminni
80GB (7,200 rpm) IDE harður diskur
48x DVD/CD+RW Combo geislaskrifari
17" TFT flatskjár (Dell E173FP)
10/100 netkort
Intel Extreme 2 skjástýring
AC97, ADI 1980 hjóðkort
6 USB 2.0 (tvö að framan)
Íslenskt lykllaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Works 7.0
Dell Media Experience 3.0
Microsoft Windows XP Home
3x PCI tengiraufer
Mini-Tower
1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Tilboðsverð **79.900,-** m/vsk



Dell Dimension 5150



Intel Pentium 4 630 3.00GHz/2MB, 800MHz FSB & HT
512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni
9-1 minnskortalesari (les öll algengustu minnskort)
160GB (7,200 rpm) SATA harður diskur
16x DVD+RW Dual Layer geislaskrifari
17" TFT flatskjár (Dell E173FP)
10/100 netkort
128MB ATI Radeon X300 SE skjá kort
Innbyggt 5.1 hjóðkort
7 USB 2.0, tvö að framan
IEEE 1394 FireWire
Íslenskt lykllaborð & Logitech ljósamús
Microsoft Works 7.0
Dell Media Experience 3.0 Deluxe
Microsoft Windows XP Home SP2
Mini-Tower
1 árs ábyrgð, 2ja ára neytendaábyrgð

Verð **129.900,-** m/vsk

Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:

TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / 575 9200 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BVT / Vík / 487 1510 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234



Það er til lausn á öllu

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum í verslun EJS, Grensásvegi 10





anna í amman

anna tryggvadóttir skrifar frá jórdaníu

Stúlkur án fjölskylduheiddurs

Tvær ljóshærðar stúlkur í Amman vekja mikla athygli hvert sem þær fara. Bílstjórar flauta, unglingsaugu standa á stilkum og kaupmenn á hornum líta eftir hringum á fingrum. „Þeim finnst við vera alveg agalega sætar,“ hugsaði ég fyrstu dagana. Þessi skoðun breyttist þó fljótt í pirraðri spurningar. Halda þessir menn í alvörunni að við séum tilbúnar í allt, bara af því við erum ekki innfæddar?

Með meiri tíma og frekari skilningi sé ég að hvorug viðbrögðin voru rétt, að minnsta kosti ekki miðað við þann mælikvarða sem ég gaf mér. Karlmennt kveikja ekki á sjarmanum vegna þess að þeir standast ekki háralitinn okkar. Og þeir halda ekki að við séum vændiskonur.

Hegðun þeirra ræðst af því að við komum frá öðrum stað og erum þess vegna stúlkur án heiðurs. Einhvers konar frispil í samfélagi þar sem fjölskyldan byggir verndarmúra í kringum stúlkurnar. Við eigum ekki á hættu að vera útskúfaðar, lokaðar inni eða jafnvel drepnar fyrir heiðurinn ef við sjáumst á göngu með manni. Þess vegna er alveg þess virði fyrir stráka að tjalda því sem til er í von um að detta í vestrænan lukkupott.

Í staðinn fyrir að láta áreiðið fara í taugarnar á mér hef ég ákveðið að líta á það sem hvatningu. Hver bílflauta er því áminning um að staða mín er allt önnur en staða kynsystra minna hér á þessum slóðum. Við hverja augnagotu er ég fegin að ég get talað við hitt kynið án þess að þurfa að giftast því. Eftir hverja dónalegu athugasemd þakka ég fyrir að bera ekki heiður fjölskyldu minnar á herðum mér.

5 VILLUR Í FATAVALI

» Ýmsar fullyrðingar ganga ljósum logum um tískuheiminn sem eiga sér alls ekki stoð í raunveruleikanum. Hér verða fimm villur leiðréttar hið snarasta.

1. SVART PASSAR VIÐ ALLT

Svart passar vel við dökka liti og hlutlausu en þó best með einhverri annarri svartri flík. Svart fer líka vel við hvítt en gengur alls ekki með ljósum pastellitum eða skærum litum. Svart er líka besti vinur þinn ef einhver líkams hluti fer aðeins út fyrir stærðarmörk.



2. STÓRAR KONUR GETA EKKI VERIÐ Í MYNSTRUÐUM FÖTUM



Ef þú ert í stærra lagi ættirðu hvorki að vera í smámynstruðum fötum né fötum með risastórum blómum en það passar þér hins vegar þrýðilega að klæðast fötum með meðalgrófum mynstrum sem grípa augað án þess að vera of ágeng.



3. VÍÐ FÖT ERU GRENNANDI

EKKI ÍMYNDA ÞÉR AÐ ÞAÐ AÐ FELA ÞIG INNI Í FATATJALDI LÁTI ÞIG SÝNAST GRENNRI, ÞVERT Á MÓTI. LEGGÐU FREKAR ÁHERLU Á ÞÁ LÍKAMSHLUTA SEM ÞÚ ERT ÁNÆGÐ/UR MEÐ OG KLÆDDU ÞÁ Í FALLEG FÖT OG SNIÐ.

4. DÝR OG SÉRHÖNNUÐ FÖT ERU MIKLU BETRI

Sum föt ætti að leggja fé í til dæmis kápur og kvöldkjóla en annað má alveg eins kaupa í ódýrari búðum. Vertu vandlát/ur en ekki láta gabbast af vörumerkjum og auglýsingarþrellum.



5. ÉG Á EKKERT TIL AÐ VERA Í!

Jú, þú ert bara búin/n að gleyma því! Farðu í gegnum fataskápin þinn og þú finnur allavega þrjá gamla vini sem hafa ekki litið dagsins ljós í langan tíma. Skoðuðu tiskublöðin og notaðu hugmyndirnar þaðan til að endurbæta uppáhaldsfötin þín.



stjörnuþspá

★★★
9. nóvember – 16. desember

HRÚTUR 20. MARS – 19. APRÍL

Hrútar þurfa smá spennu í lífið til að vera hamingusamir og það ætti að vera nóg um hana á næstu vikum. Stutt ferðalag gæti verið í spilunum í byrjun næstu viku og þú skalt bara skella þér.

NAUT 20. APRÍL – 20. MAÍ

Þú færð góðar fréttir af fjármálunum og þær eiga eftir að koma þér í enn meira jólaskap. Þótt ýmis óvænt útgjöld séu við sjónarönd ertu svo séð í fjármálum og þú átt eftir að eiga nóg afgangss til að jólast fyrir.

TVÍBUR 21. MAÍ – 20. JÚNÍ

Þú ert afar upptekinn af sjálfstæði þínu en neyðist þó til að viðurkenna næstu dagana að samvinna er af hinu góða. Og nánari samrni er jafnvel líka í stjörnunum hjá þér ef þú ert með augun opin og skilur fordómna eftir heima.

KRABBI 21. JÚNÍ – 22. JÚLÍ

Það er allt á fullu hjá þér í vinnuni þessa dagana og allt þetta tal um „jól“ og „frí“ kemur þér stóðugt í opna skjöldu þangað til þú manst hvaða mánuður er. Ekki láta eins og hamstur í hjóli, stundum verður lífið bara að hafa forgang yfir vinnuna.

LJÓN 23. JÚLÍ – 22. ÁGÚST

Hvað er á seyði? Er ljónið skyndilega orðið ábyrgt, skilvíst og með forgangsroðina rétta? Svo virðist vera, að minnsta kosti þessa dagana og þú nýtur þess vel að vera þetta skipulagða barna. Ekki samt missa þig í sjálfánægjunni, þá fellurðu fljótt í sama farið.

MEYJA 23. ÁGÚST – 21. SEPTEMBER

Þú verður sannkölluð Vala Matt á þessum árstíma og óþreytandi að skreyta heimilið þitt og búa það undir hátíðin. Ef þú ert að spá í að flytja, breyta eða bara halda besta partí ársins eru himintunglin þér hagstæð.

VOG 22. SEPTEMBER – 22. OKTÓBER

Þér finnst kannski erfitt að taka ákvarðanir núna og láti þér það enginn, lífið getur verið flókið og snúið. Þér er best að slaka á, útiloka utanaðkomandi áreiti og einbeita þér að þinni eigin lausn á málinum. Ekki láta aðra hringla of mikið í þér.

SPÖRÐREKI 23. OKTÓBER – 21. NÓVEMBER

Allt gengur þér í haginn núna, það er bara ekkert flókna-ara en það. Og þú átt það svo sannarlega skilið eftir erfiðleika og rússbanaferðir undanfarna mánaða.

BOGMAÐUR 22. NÓVEMBER – 21. DESEMBER

Þú ert miðpunktur athyglinnar þessa dagana og ekki bara af því að þú átt afmæli um þessar mundir. Þú ert ódóm að ná jafnvægi eftir ókyrrð undanfarna mánaða og það er fátt sem getur stöðvað þig þegar þú ert í ham.

STEINGEIT 22. DESEMBER – 19. JANÚÁR


Miklar breytingar eru í væðnum en þær eiga sér fyrst og fremst stað innra með þér. Og staðreyndin er sú að sálarlegar breytingar eru þær einu sem einhverju máli skipta. Hugleiksla, óskir, þæni og jafnvel draumar eiga eftir að færa þér svörin sem þú biður eftir.

VATNSBERI 20. JANÚÁR – 18. FEBRÚÁR

Vinirnir eru fjölskyldan sem þú velur þér sjálfur og þú átt eftir að verða mjög var við vini þína á næstunni. Passaðu að þakka fyrir þá greiða sem þér eru gerðir og vertu fús til að gjalda líku líkt. Þú þarfnast þeirra eins og þeir þarfnast þín.

FISKAR 19. FEBRÚÁR – 20. MARS

Þú hefur púlað myrkranna á milli allt árið og nú er komið að verðlaununum. Þér á stundum eftir að líða eins og allur heimurinn snúist þér í hag og þú skalt fara að skrifu þakkaræðuna, hennar verður þörf fyrir en þú heldur.



ILSE JACOBSEN • Hornbæk



Komdu í Garðabæ

Ilse Jacobsen • Hornbæk er á skömmum tíma orðin ein umtalaðasta skó- og kvenfataverslun á höfuðborgarsvæðinu. Skórnir og fötin frá Ilse Jacobsen vekja verðskuldaða athygli og það sama gildir um fatnaðinn frá Baum und Pferdgarten, Naja Lauf, Heart Made og Kathleen Madden.

OPIÐ SUNNUDAGA KL. 13-17 FRAM TIL JÓLA

ILSE JACOBSEN • Hornbæk

Garðatorgi • Garðabæ • sími 517 4806



» MÆÐGUR

Böndin styrkjast með hverju skrefi

» Margrét Marteinsdóttir fréttakona er tveggja barna móðir. Sonur hennar, Marteinn Elí, er tveggja ára og Rakel dóttir hennar er nýorðin tíu ára. Þær mæðgurnar fara reglulega saman í göngutúra sem þær nýta í að skrafa og spjalla um lífið og tilveruna og létta af sér heimsins byrðum.

Þegar Margrét var á aldur við dóttur sína var hún að mestu leyti búin að ákveða framtíðarstarfið sitt. „Þangað til ég var átta ára ætlaði ég að verða eiginkona Paul McCartney. En þegar ég þroskaðist sá ég að það myndi ekki ganga. Þá ákvað ég að verða blaðamaður,“ segir Margrét og hlær. Rakel er einnig ákveðin í sínum framtíðarplönunum eins og mamma hennar var. „Mig langar að verða leikkona,“ segir Rakel sem finnst mjög gaman að leika. „Og mér finnst líka mjög gaman að syngja,“ bætir Rakel við.

Margrét og Rakel eru miklar vinkonur og hafa þær þann skemmtilega sið að fara saman í kvöldgöngur. „Okkur mæðgunum finnst ofsalega gaman að fá okkur göngutúr niður í miðbæ um áttaleytið. Þá er svo skemmtileg stemning í miðbænum, fáir á ferli og matarilmur yfir öllu,“ segir Margrét. „Á einhvern máta virðast allar gáttir opnast í svona göngutúrum. Kannski vegna þess að það er ekkert áreiti en

breytingin er ótrúleg. Við erum kannski búnar að vera heima yfir daginn og maður spyr út í skólann og hvernig dagurinn hafi verið en svörin eru alltaf einföld. Fínt, fínt, fínt. En síðan förum við í göngutúr og þá opnast allar gáttir án þess að maður þurfi að spyrja að nokkru,“ segir Margrét. Rakel segir að henni finnst líka gott að fá tíma með mömmu sinni þar sem þær eru bara tvær. „Það skemmtilegasta sem ég geri með mömmu er að labba með henni,“ segir Rakel. „Mér finnst gott hvernig við spjölum saman í göngutúrunum.“

„Við náum að tala svo mikið saman,“ segir Margrét. „Það er ekkert sem truflar. Enginn sími, ekkert sjónvarp eða útvarp. Bara hún og ég. Þetta er það besta sem maður gerir.“

Margrét og Rakel styrkja þannig sambandið sín á milli með hverju skrefinu sem þær taka og væntanlega mun svo leiklistarferill Rakelar verða ræddur við lokkandi ilm veitingahúsa miðbæjarins í framtíðinni.

Litlir sælgætisgrísir

Í desember er venjulega mikið til af súkkulaði og öðru sælgæti á flestum heimilum. Litlir börn gleðjast óspart yfir öllum sætindunum sem eru í boði og geta troðið í sig endalaust ef þau eru látin afskiptalaus. Það er samt betra fyrir foreldra að reyna að hafa einhverja stjórn á sælgætisáti barna sinna. Það er til dæmis ekki gott að leyfa börnum að borða mikið sælgæti á fastandi maga því þá verða þau lystarlaus og erfitt getur verið að fá þau til að borða almennilegan mat. Það er miklu betra að hafa það fyrir reglu að börnin borði alltaf eitthvað hollt áður en þau fá að fara í sælgætið. Þá hafa þau líka minna pláss fyrir það og borða þar af leiðandi minna af óhollustunni.



FRÉTTABLAÐIÐ/NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



Tímanlega í rúmið

Þar sem jólasveinarnir eru væntanlegir til byggða hvað úr hverju ættu öll börn að fara snemma að sofa á næstunni. Foreldrar geta bent börnum sínum á að það er betra að vera sofandi þegar jólasveinarnir koma svo að þeir fari ekki bara fram hjá gluggunum. Fyrst að desembermánuður er byrjaður er ágætt fyrir börnin að fara að æfa sig í því að fara snemma að sofa svo að þau séu með þetta alveg á hreinu þegar jólasveinarnir koma.



Bráðum koma blessuð jólin

Börn hafa flest gaman af því að syngja. Nú þegar jólin eru að nálgast getur það verið góð skemmtun að syngja jólalög heima með börnunum. Á leikskólum er börnum kennd mörg jólalög og því ættu þau auðveldlega að geta sungið lögin með foreldrum sínum.



Hafragrautur fyrir örbylgjuofninn



8 pokar í hverjum pakka.
Auðvelt að taka með sér
hvert sem er.

Tilbúinn á aðeins 2 1/2 mínútu

- 1 Helltu haframjölinu úr pokanum í skál
- 2 Settu 1,5 dl. af vatni út í (notaðu pokann undir vatnið - nákvæmlega rétti skammturinn)
- 3 Tilbúinn í örbylgjuofninum á 2 1/2 mínútu

• Fljótlegt og hollt í morgunmat fyrir skólann • Góð undirstaða fyrir langan vinnudag • Tilvalið í hádeginu - engin fyrirhöfn • Þægilegt og hollt milli mála.



Bróstu á móti vondum degi

Þegar jólin nálgast fer gleðistuðull samfélagsins alveg upp í topp og stundum finnst okkur erfiðara að halda brosinu þegar allir virðast brosa breiðar en maður sjálfur. Skammdegið og síbrosandi jólaálfar allt um kring geta því haft öfug áhrif á okkur og við finnum til leiða. En leiði er í fæstum tilfellum sjúkdómur heldur líðan sem hver og einn getur haft stjörn á.

Njóttu útiverunnar

Lífið er ekki bara vinna og skylduverk. Allir verða að eiga tíma fyrir sjálfan sig. Hreyfing, sérstaklega útivera, dregur úr stressi og góður göngutúr getur til dæmis hjálpað til við að vinna úr hugsunum og vandamálum sem sækja á þig. Ekki segja að þú hafir ekki tíma. Allir hafa tíma fyrir stuttan labbitúr.



Lokaðu á kuldann

Kuldinn fær þig til að skriða undir sæng og gera ekki neitt. Klæddu þig vel. Farðu í hlýja úlpu og settu á þig loðnar lúffur. Eldaðu sterkan mat eða kveiktu upp í arminum. Ekki láta kuldann buga þig. Þótt það sé vetur þýðir það ekki að fjörið utan veggja heimilisins fari í pásu fram á vor.



Vatn, vatn og meira vatn

Drekktu mikið af vatni. Vatn er líkamanum nauðsynlegt og hjálpar taugakerfinu og efnaskiptakerfinu að starfa. Vatn hefur líka löngum haft slakandi áhrif á hug og líkama. Seitlandi vatnsniður er því góður fyrir sálina. Gakktu meðfram á eða sjó. Einnig er hægt að fá innigösbrunna.



Nuddaðu burt fylsusvipinn



Bókaðu þér tíma í nudd. Gott nudd slakar á spennu og hjálpar líkamanum að slaka á. Líkaminn fær þá hjálp við að lækna sjálfann sig og nær jafnvægi á ný. Einnig er nudd góð leið til að dekra við sig og það áttu skilið.

Brostu framan í skammdegið

Þeir sem þjást af skammdegisþunglyndi þurfa að vera á tánum fyrir því að sökkva sér ekki ofan í vanlíðan. Reyndu að komast út meðan það er bjart og brostu framan í bláan himininn. Svo má líka skella sér í þar til gerðan sólarlampa í Vesturbærjarlauginni sem hjálpar til við að draga úr einkennum skammdegisþunglyndis.



Bananaát

Banar eru skemmtilegir ávextir sem gera líkamanum gott. Bananarnir auka líkamlegan kraft, hafa jákvæð áhrif á hugarástand og síðast en síðst, þá auka þeir kynorkuna. Úlala. Banar eru fullir af serótónín sem léttir lundina og dópamíni sem er einmitt verðlaunaefni sem fylgir fullnægingu. „go bananas baby“. Einn á dag kemur dópamíninu í lag.




Reyndu eitthvað nýtt

Kíktu í heilsuþúðir og kauptu þér hláturdropa eða skrítið grænmeti sem gerir kraftaverk. Splæstu í ferð til Sviss og renndu þér á skiðum. Gerðu prakkarastrik, sjáðu leikrit eða farðu í óvæntan bíltúr á Eyrabakka eða Kópasker. Breyttu til og brjóttu rútínuna.




Gerðu góðverk

Vel heppnað góðverk lætur þér líða vel. Hjálpaðu vinnufélaganum með verkin hans hafir þú tíma fyrir það. Borgaðu í útrunninn stöðumæli við hlíð þér. Farðu með ömmu þína í þrjónabúð. Skafðu af bíl nágrannans meðan þinn hitnar. Góðverk gefur góða líðan og iðulega fer þannig að karmalögleglan launar þér gerðann.



Brostu Pollíanna brostu

Alveg sama hversu ömurlega glataður dagurinn er skaltu alltaf reyna að sjá myndna hlíðina á lífinu. Á morgnana tekur þú ákvörðun um að lifa daginn með jákvæðu hugarfari og svo brosir þú framan í heiminn. Hláturinn lengir lífið og hláturinn gefur okkur líka meira af hinu stórgóða dópamíni. Reyndu því að hlæja, leigðu þér gamanmyndir eða lestu myndna bók. Gleði kallar á meiri gleði allt um kring.





SÓLA, ný náttúruleg snyrtivörulína frá URTASMIÐJUNNI • Náttúruleg rotvörn úr jurtum.

Húðmjólk

Með ilmandi fjólum og rauðsmára. Mýkjandi og rakagefandi. Nærir þurra húð.

Fótakrém

Með vallhumli og myntu. Kælandi og frískandi fyrir þreytta og sveitta fætur.

Handkrém

Nærandi olíur úr maríustakk og hafþyrni. Græða sprungur, mýkja þurrar hendur.

Nuddkrém / sportkrém

Með fjallagrösum og eini. Mýkjandi og slakandi á þreytta og spennna vöðva.

Reykjav: Maður lífandi Borgartúni 24, Hæðasmára 6, Yggdrasil Skólavörðust. 16. Snyrtist. Valdís Bauganes 25A **Hafnarfj:** Fjarðarkaup, **Selfoss:** Lyfja, Keflavík: Blómaval, Ísl. markaður Leifsstöð, **Akranes:** Lyf og Heilsa, **Akureyri:** Heilsuhornid Glerártorg, Apotekarinn Hafnarstr. Urtasmiðjan Svalbarðsströnd, sími 462 4769, 861 4769 gigja@urtasmidjan.is

Full búð af fallegum jölaufötum

du pareil... au mème
 Þú færð jólagjafirnar hjá okkur
 Laugavegur 17 og Krínglunni
 Sími 552-6744 og 588-6750

Lífsklukkan

www.lifsklukkan.is

Taktur góðrar hvíldar

Fyrir þig...

Vekur þig eðlilega með hægri sólarupprás á morgnana

Hjálpar þér að slaka á á kvöldin með hægu sólsetri



Fyrir barnið þitt...

Allt að 30 mínútur af smáminnkandi birtu róar barnið þitt og svæfir

Tvær sólsetursstillingar: að algeru myrkri eða að næturlýsingu



Hannað af helstu sérfræðingum Evrópu í birtumeðferð


lumie
 Dreifing/þjónusta S: 577 1400


[PERSÓNULEIKAPRÓF]


Ertu jólabarn?

Ekki eru allir jafn hrifnir af jólonum eða stússinu sem þeim fylgir. Sumir hreinlega tapa sér í gleðinni meðan aðrir tapa geðheilsunni. Taktu prófið og fáðu ráðleggingar um hvað þú getur gert til að komast út úr þínum jólavítahring.


Þegar fyrsti dagur desembermánaðar gengur í garð þá ...


 ... er ég tilbúin/n að kveikja á jólaljósunum sem ég setti í garðinn akkúrat á miðnætti.


 ... tek ég ekki eftir því, er annað hvort sofandi eða á barnum.

 ... fæ ég hroll við tilhugsunina að nú fari að flæða inn kynningarpóstur og jólalög og óþolandi jólagleði.


Þú kaupir þér súkkulaðidagatal. Hvernig gengur þér að svindla ekki?


 ... illa. Ég er alltaf búin/n að kíkja í alla gluggana og bíta í nokkra daga sem eru ekki enn komnir.

 ... bara vel. Ég opna einn glugga á dag þegar ég er búin/búinn að bursta tennurnar.

 ... ég kaupir yfirleitt ekki súkkulaðidagatal. Ég er fullorðin manneskja.


Fyrsti jólasveininn er væntanlegur í bæinn, hvað gerir þú?


 ... ég hoppa upp og niður og hrópa „hann er að koma hann er að koma“ og pússa svo skóinn minn og fel mig undir sænginni í von um að ég sjái hann koma.


 ... ég held bara ró minni og passa að haga mér vel, bara til vonar og vara, maður veit aldrei.

 ... Jólahvað?


Kominn er miður desember og jólalögin hljóma hvert sem þú ferð, hvað gerir þú?


 ... ég syng með, dansa sérsamda jóladansinn sem ég hef samið með hverju lagi og hristi jólakúlurnar sem ég hengi iðulega á mig.


 ... eftir miðjan mánuð er ég orðin ónæg/ónægur fyrir jólalögnum, heyrir bara eitthvað suð.

 ... þá er ég um það bil að tapa geðheilsunni og farin/farinn að ganga með eyrnartappa.


Jólapakkarnir eru komnir undir tréð á Þorláksmessu, hvað gerir þú?


 ... ég fer undir tréð og þreifa og þefa af öllum þökkunum til að sjá hvað er í þeim. Skipti á einstaka merkimiða ef mér finnst þakkarnir til mín óaðlaðandi.


 ... ég kíkji aðeins á þá. Þota kannski með stóru tánni í einn eða tvo fyrir forvitnissakir.

 ... ég spái ekkert í það, þarf hvort eð er að skipta þessu öllu milli jóla og nýárs.

Á aðfangadagskvöldi þá ...

 ... er ég að fríka út yfir því hvað allir eru lengi að borða og er yfirleitt búin/búinn að hreinsa af borðinu áður en allir eru búnir að klára matinn.

 ... slappa ég bara af, borða á mig gat og opna þakkana í rólegheitunum.

 ... neyðist ég til að hlusta á hundleiðinlega jólamessu og sitja í sparifötum við matarborðið, sem ég þoli ekki.

NEXT

Gott í skóinn

NEX



Niðurstöður:

Jólaflíkill

Annað hvort er þú, sem tókst prófið, sjö ára ... eða að þú tilheyrir þeim fámenna hópi að elska allt sem tengist jólonum. Vissulega er yndislegt að geta verið í takt við árstíðirnar og



byrjað er að dreifa pökkunum. Farðu í jólagöga og reyndu líka að njóta fríðarstundar sem fylgir jólonum.


notið jólanna og lifað sig inn í allt sem þeim tengist. Þú ert samt ein/n af þeim sem ættir að passa þig að fara ekki yfir um í jólagleðinni. Þú mátt alveg eins búast við því að h r e i n l e g a springa í loft upp af spenningi um það leyti sem

Meðaljólinn

Þú hefur mikinn jólasjálfsaga og ert ekki að tapa þér yfir hverri einustu jólakúlu sem þú sérð. Þú vissulega nýtur jólanna en nennir ekkert sérstaklega að sökkva þér ofan í öll tilbrigði jólahátíðarinnar.

Kannski ættir þú að prófa að loka þig frá öllu jólastússi þar til um miðjan desembermánuð svo þú brennir ekki upp á jólagleðinni.

Um miðjan mánuð eru jólaflíklarnir um það bil að ná hámarki í útfrikun sinni og stemningin sömu-leiðis. Þannig nærðu jafnvel að vera í hámarks-jólaskapi þegar klukkurnar hringja á aðfangadag.



Skröggur Leppalúðason

Heyrðu nú mig. Þú mátt alveg eins búast við því að andar liðinna jóla heimsæki þig og fari með þig á tímaflakk. Þú ert bara fylujólapúki. Stundum þarf maður bara að sleppa takinu á gömlum skoðunum sem maður hefur ríghaldið í árum saman og gefa sig á vald gleðinni. Ef það reynist þér erfitt getur þú tekið eitt skref í einu, byrjað á því að senda bara eitt jólakort eða borða eina piparköku. Kannski ættir þú að vingast við einn jólaflíkil, að því gefnu að þú gangir ekki í skrokk á honum.

XT *Gott í skóinn*

NEXT

NEXT / Kringlelundi 4-12 / Sími 551 3200





Rakkarapakkið þyrfti að komast í jóga

Sigrún Edda Björnsdóttir á sér mörg andlit. Hún hefur í tuttugu og fimm ár verið áberandi á leiksviðum landsins, í tíu ár brá hún sér í gervi tröllastelpunnar Bólu og nú hefur hún enn prófað að nýtt hlutverk, í þetta sinn sem myndasöguhöfundur ásamt teiknararum Jan Pozak. Persónurnar í bókinni Rakkarapakkið eru frægasta tröllafjölskylda á Íslandi, nefnilega Grýla, Leppalúði og jólasveinarnir. Fylgst er með þeim á þessum háannatíma rétt fyrir jólin. Þetta eru nýjustu myndirnar, nýjasta slúðrið og nýjustu fréttir af þessari litríku fjölskyldu. En hvernig datt Sigrúnu Eddu í hug að fara í saumana á þessu rakkarapakki?

LANGUR AÐDRAGANDI AÐ RAKKARAPAKKINU

„Eins og með svo margt þá leiddi eitt af öðru. Á tíu ára tímabili skrifaði ég hátt í sextíu stutta sjónvarpsþætti um tröllasteltu sem heitir Bóla

og ævintýri hennar. Ég hef alltaf heillast af þjóðsögnum og Bóla á nafn sitt að rekja til einnar dóttur Grýlu, er reyndar náfrænka hennar. Ég átti mér alltaf draum um að gera jóladagatal fyrir Sjónvarpið með íslensku jólasveininum sem spretta úr sama heimi og Bóla. Af því hafði ekki orðið enda ekki einfalt að fá fjármagn til að gera slíkt efni.“ Umferðarstofa hafði svo samband við Sigrúnu Eddu og bað hana að vinna fræðsluefni fyrir börn. „Þá þurfti ég að finna með mér teiknara og fann Jan Pozok sem hefur myndskreytt mikið fyrir Námsgagnastofnun og er alveg frábær teiknari. Svo kemur í ljós að hann hefur lengi langað til að búa til myndasögu efni með íslensku jólasveininum og ég sagði honum frá mínum draumum um sama efni. Að skrifa efni fyrir myndasögur og sjónvarp er ekki svo ólíkt.

Við Jan unnum heilmikla forvinnu, teiknuðum, persónugreindum og rannsókuðum vel hvern

Sigrún Edda á ekki von á því að Rakkarapakkið heimsæki hana neitt sérstaklega þrátt fyrir allar sögurnar í bókinni.





Glæsilegt úrval af handklæðum

- gæði, ending og góð þjónusta



Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík



Bakpokar kr. 7.500.

Mikið úrval af kventöskum, ferðatöskum, skjalatöskum, hönskum, beltum o.fl. á góðu verði.

*Töskur og
handklæðin ehf.*

Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík.
Sími 551-5814, Fax 552-9664

Allt til albúmagerðar á einum stað.

Gefðu ómetanlega jólagjöf!

20 arkir af venjulegum pappír að eigin vali - 990 kr.
20 arkir af BasicGrey pappír að eigin vali - 1300kr.

Sýnikennsla milli 13 og 16 laugardag Komdu og spurðu, fáðu góð ráð og hugmyndir



Dalvegi 18, 201 Kópavogi • Sími 568 6500
www.fondra.is



Sigrún Edda í hlutverki Ronju ræningjadóttur fyrir þrettán árum.

Hér eru því komnar 36 sögur af þessari furðulegu fjölskyldu úr fjöllum, nýjasta slúðrið á þremur tungumálum, íslensku, ensku og frönsku. Svona gerast hlutirnir stundum.

einasta meðlim jólasveinafjölskyldunnar. Allt var þetta svo sett í möppu sem við fórum með til JPV útgáfunnar sem tók strax vel í þetta. Hér eru því komnar 36 sögur af þessari furðulegu fjölskyldu úr fjöllum, nýjasta slúðrið á þremur tungumálum, íslensku, ensku og frönsku. Svona gerast hlutirnir stundum.“ Sigrúnu Eddu finnst mjög gaman að skoða íslenska jólafólkið í nýju ljósi, hvernig það virkar í nútímanum og hvernig hæfileiki hvers og eins nýtist viðkomandi. „Gáttaþeftur er til dæmis naskur á að þefa uppi útsölu og Gluggagægir stofnar gluggapvottabjónustu til að geta kíkt inn um sem flesta glugga.“

LANGAÐI MEST AÐ VERA FYNDIN

Næsta vor á Sigrún Edda tuttugu og fimm ára leikafmæli og hefur á þeim tíma unnið hvern leiksigurinn á fætur öðrum í ólíkum hlutverkum. En blundaði rithöfundurinn alltaf í henni líka?

„Ég man ég átti einn draum og hann var sá að vera fyndin þegar ég yrði stór en ég man aldrei eftir að hafa átt rithöfundardrauma. Það æl-aðist bara svona og mér finnst alveg rosalega gaman að skrifa. Ég hef starfað á fullu sem leikari frá því að ég útskrifaðist en hef samt alltaf gefið mér tíma til að gera þetta, stundum eldsnemma á morgnana. Að setjast niður og skrifa er svo gaman.“

LÍNA, ASTRID ...

Sigrún Edda hefur gætt tvær helstu kvenpersónur barnabókmenntanna lífi á leiksviði, þær Línu langsokk og Ronju ræningjadóttur sem báðar eru skilgetnar dætur eins fremsta rithöfundar Norðurlanda fyrr og síðar.

„Astrid Lindgren er fyrirmynd mín, höfundur sem lesundur á öllum aldri geta sameinast um og allir finna eitthvað í sögunum hennar fyrir sig. Þegar ég las Elsku Míó minn, Bróður minn Ljónshjarta og Ronju fyrir mín börn þá sat ég kannski hágrátandi og las á meðan þau hlógu og voru bara mjög spennit fyrir ævintýrinu. Ég skrifa fyrir börn á aldrinum 4-94 ára og er alveg á því að Rakkapakkíð sé alveg jafnt fyrir börn og fullorðna.“

...OG RONJA.

Ronja varð algerlega ódauðleg persóna í meðförum Sigrúnar Eddu og nú leggja þær stöllum aftur upp í ferðalag saman. Í þetta

sinn ætlar Sigrún Edda að leikstýra uppsetningu á verkinu í Borgarleikhúsinu sem verður frumsýnd í febrúar.

„Það eru þrettán ár síðan þessi söngleikur var settur upp á Íslandi síðast og ég er auðvitað mjög heiðruð að fá að taka þátt í því að setja söguna á svið að nýju því Ronja á mikið erindi í dag. Astrid sagði einu sinni í viðtali að það væri einhver smíðagalli á mannkyninu sem ylli því að það þyrfti að leysa allt með ofbeldi.“ Þær Astrid eru sammála um að eina leiðin til að breyta þessu sé í gegnum börnin. „Barn sem elst upp við kærleika og virðingu eins og Ronja sýnir öðrum kærleika og virðingu, barn sem elst upp við ofbeldi og lygi breytir eins. Ronja og Birkir uppgötva að það er betra að hjálpast að í hörðum heimi en að vera stöðugt að deila.“

Sigrún Edda segir að það sé ekkert svipað að leikstýra verki og leika í því. „Það er allt öðruvísi nálgun að setja upp leiksýningu en að leika hlutverk. Leikarinn einbeitt sér fyrst og fremst að persónunni og því sem hún stendur fyrir. Leikstjórinn þarf að hafa yfirsýn, huga að öllum þáttum sýningarinnar og samræma.“

Arftaki Sigrúnar Eddu í hlutverki Ronju er Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Friðrik Friðriksson leikur Birk. Laddi leikur Matthías ræningjahöfðingja. Rassálfarnir verða hinsvegar ekki leiknir af lifandi fólki heldur mun Bernt Ogródnik gera bæði rassálfana og fljúgandi skógarnornir. „Stefnan er að búa til dásamlegt ævintýri fyrir alla fjölskylduna til að njóta saman. Ég er búin að vinna barnaefni árum saman, hef bæði skrifað, talsett og leikið fyrir börn og nú fær ég stóra sviðið í Borgarleikhúsinu til að setja upp Ronju ræningjadóttur, getur lífið verið betra?“

STEKKJARSTAUR Í JÓGA

Nú byrja jólasveinarnir að streyma til byggða á sunnudaginn en Sigrún Edda á ekkert endilega von á því að þeir heimsæki hana eitthvað sérstaklega þrátt fyrir æsifregnirnar af rakkapakkinu.

„Það er ekki nema Stekkjarstaur skreppi í jógatíma með mér til að liðka sig. Ég held að jólasveinafjölskyldan, rakkapakkíð, sé mjög ánægt með alla þessa umfjöllun sem það fær í bókinni og þori að fullyrða að það hafa aldrei birst svona margar myndir af þeim á einum og sama stað.“



Loksins sími sem tekur
ekki sjálfur upp á því
að hringja í fólk

Á mörgum farsímum er langt og flókið ferli að læsa lykklaborðinu, þannig að sumir hreinlega nenna því ekki. Þetta fólk er alltaf að hringja í Aðalheiði eða Alfreð – eða bara til Austurlanda fjær án þess að taka eftir því. Þetta vandamál þekkist ekki hjá þeim sem nota Vodafone Simply, því á honum er sérstakur takki til að læsa lykklaborðinu. Þegar maður þælir í því er eiginlega fáránlegt að engum öðrum hafi dottið þetta í hug.

Vodafone Simply

Hafðu það einfalt um jölin



*** 14 daga skilaréttur.**
Skilaðu símanum ef þú skilur hann ekki!

Vodafone Simply er eingöngu hægt að nota með simkortum frá Og Vodafone.
Komdu í næstu **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á www.ogvodafone.is eða hringdu í 1414 og fáðu nánari upplýsingar.



Heyrumst!

Mjóddin

Komdu í þægilegt og gott umhverfi og njóttu þess sem Mjóddin hefur upp á að bjóða



- Handverksmarkaður, jóland land fyrir krakkana, persónuleg og góð þjónusta -



Þrátt 1111 - 038588

Mjóddin Jólaleikur Mjóddarmarkaður
PÁTTTÖKUSEÐILL

Nafn: _____
Heimilisfang: _____ Staður: _____
Póstnúmer: _____ GSM: _____
Sími: _____

Myndval myndavél frá 17. nóvember - 23. desember
Eftirlit af 23. desember, glæsilegir vinningar.
Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo með Icelandair
Stafræn myndavél frá Myndval, Kodak P850 að verðmæti 49.900 kr.
Bækur frá Eddu-útgáfu.
Gjafakort frá eftirtöldum fyrirtækjum í Mjódd:
Bakarameistararnum, Breiðholtsblómum, Efnalauginni Björg, Fröken Júlíu, Gleraugnabúðinni, Gullsmiðnum, Gullúrinu, Hjá Dóra, Keilu í Mjódd, Leikbæ, Hárgreiðslustofunni Möggunum, Landsbankanum, Lyf og heilsu, Nettó, Olís, Olympíu, Pennanum Eymundsson, Prinsessunni, Skóbúðinni og SPRON

Glæsilegt **jóland** fyrir krakkana



Mundu **jólaleikinn**

sem stendur frá **17. nóvember - 23. desember** allar upplýsingar eru að finna á www.mjodd.is

Dregið verður 23. desember, glæsilegir vinningar.

Flugmiðar til Evrópu fyrir tvo með Icelandair

Stafræn myndavél frá Myndval, Kodak P850 að verðmæti 49.900 kr.

Bækur frá Eddu-útgáfu.

Gjafakort frá eftirtöldum fyrirtækjum í Mjódd:

Bakarameistararnum, Breiðholtsblómum, Efnalauginni Björg, Fröken Júlíu, Gleraugnabúðinni, Gullsmiðnum, Gullúrinu, Hjá Dóra, Keilu í Mjódd, Leikbæ, Hárgreiðslustofunni Möggunum, Landsbankanum, Lyf og heilsu, Nettó, Olís, Olympíu, Pennanum Eymundsson, Prinsessunni, Skóbúðinni og SPRON

Barnaskór í miklu úrvali

-vandaðir, fallegir og á frábæru verði.



Gæða barnaskór

Einnig skór á alla fjölskylduna stærðir uppí 50

Gabor

CAMEL ACTIVE

Light

Light Soap

Ný verslun

XENA

GLÆSIBÆ S: 553 7060

XENA

MJÓDDINNI S: 557 1291



Jólagjöfin hennar

(Gjafabréf)

Samkvæmiskjolar frá 10 þús. kr. allar stærðir.

Stelpu jólakjolar á allan aldur.

Mikið úrval.

PRINSESSAN

verslun/Mjódd, s. 567 4727

www.Prinsessan.is



Úrval

af síðum og stuttum buxum, þilsum, vestum og toppum.

Verið velkomnar

Fröken Júlía

Mjódd

Sími 557 5900

Jólin koma með jólakortunum

...skoðaðu jólakortin á www.myndval.is og veldu kort, sendu okkur myndina og textann sem þú villt hafa og við sjáum um að klára jólakortin fyrir þig einnig getur þú komið með mynd og texta til okkar í Mjóddina

1-39 kort. **145kr./stk.**
40 kort+ **135kr./stk.**
umslag fylgir. lágmarkspöntun 10stk.

MYNDVAL
Álfabakka 14 - 557 4070
myndval@myndval.is



Vona að ég fái fullt af bókum í jólagjöf

„Uppáhaldsbók ársins á ég reyndar, því ég skrifaði í hana, en það er stóra Kjarvalsbókin,“ segir Silja Aðalsteinsdóttir, bókmenntagagnrýnandinn nafnkunni og ritstjóri Tímarits Máls og menningar. En þegar hún er spurð hvaða fimm bækur hún

óskar eftir að fá í jólagjöf kemur fát á hana. „Úrvalið er svo mikið og gott af merkilegum bókum að það er engin leið að velja fimm, enda vona ég að ég fái miklu fleiri!“ segir Silja og hlær. Þó standa eftirfarandi bækur upp úr hjá Silju:



Mynd á þili eftir Þóru Kristjánsdóttur listfræðing. „Ekki hafði ég hugmynd um hvað við áttum marga myndlistarmenn á 16., 17. og 18. öld og hafði alltaf öfundað að aðrar Evrópuþjóðir af myndlistarauði sínum. Auðvitað held ég áfram að öfundast en get um leið glaðst yfir því sem við þó áttum,“ segir Silja.



BIRTA/E. ÓL.

Silja Aðalsteinsdóttir segir það erfitt að velja uppáhaldsbækurnar þessi jólin.

Rokland eftir Hallgrím Helgason. „Ég var að kenna Sölu Völkur hjá Mími í haust og hugsaði þá með mér að engin bók á jólamarkaði kæmist með tærnar þar sem hún hefði hælana í fjörugum, myndríkum stíl, sprúðlandi hugmyndaflugi og mis-kunnarlausri sýn á íslenskt samfélag og mannlíf. En þegar ég kíkta á fyrstu síðurnar í Roklandi sá ég að þar var það allt. Ég treysti því að fá að lesa hana alla yfir jólin.“



**Dönsk gæðavara
UNDIRFÖT - NÁTTFÖT - SLOPPAR**

CHANGE[®]
SMÁRALIND
Sími 517 7007



Fordíst okkur eftir Hugleik Dagsón, en Silja sá samnefnt leikrit hjá Nemendaleikhúsinu í haust, og segir það vera bestu sýningu sem hún hefur séð á árinu.



Játningar Láru miðils eftir Pál Ásgeirsson, en Páll las og notaði handrit að sjálfsævisögu Láru sem hún samdi 1945 en var aldrei gefið út.



Sumarljós, og svo kemur nóttin eftir Jón Kalman Stefánsson. „Það sem ég hef séð af þessari bók er svo einkennilega ljúfsárt að það minnir mest á Dylan Thomas og Mjólkurskóginn hans. Ég hlakka til að lesa hana alla,“ segir Silja, og ekki er að efa að hún mun eyða mörgum notalegum klukkustundum um jólin með bók í hönd.

Til hamingju Thelma



Thelma Ásdísardóttir

„Myndin af Thelmu eins og hún er í dag: Hamingjusöm móðir, hugrökk og stolt kona: **Kona ársins.**“

Soffía Auður Birgisdóttir, Mbl

„Bók sem ætti að rata til allra og vera skyldulesning í hvers manns húsi.“

Vigdís Grímsdóttir, DV

„Skilur lesandann eftir djúpt snortinn og fullan aðdáunar af Thelmu og baráttu hennar.“

Birta

„Thelma Ásdísardóttir ætti að vera „maður ársins“ vegna hugrekkis síns að segja sögu sína ... ótrúlega áhrifarík frásögn, sem lætur engan ósnortinn. Og hefur enda haft áhrif, allt inn á borð ríkisstjórnar Íslands.“

Karl Sigurbjörnsson, biskup

Kona ársins 2005
- Nýtt líf

Ljósberinn 2005

Maður ársins
- Karl Sigurbjörnsson, biskup

Útgáfuréttur seldur til Svíþjóðar



„Thelma er mjög hugrökk manneskja og andlega hvetjandi. Mér líður eins og ég sé að skrifa undir samning við Nóbelsverðlaunahafa!“

Eva Áslund, útgáfustjóri Bra böcker





Guðrún Eva mestu tíðindin

„Mér finnst lítil almenn ein-kenni á flóðinu núna nema þá helst glæpasögurnar,“ segir Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og gagnrýnandi á bokmenntir.is. „Annað sem maður tekur eftir er að margar litlar og sjálfstæðar útgáfur eru

að gera margt skemmtilegt og óvenjulegt. Mestu tíðindin í íslenskum bókmenntum er hins vegar bókin hennar Guðrúnar Evu,“ bætir hún við. Úlfhildur var beðin að telja upp fimm áhugaverðustu bækur ársins og stóð ekki á svari.

Brjálsemiskækir á fjöllum eftir Po Chú-i.

„Þetta er kínversk ljóðabók frá 9. öld, sannur gleðigjafi og heilsustyrkjandi. Ingi-björg Haraldsdóttir sagði að ljóðið gæti bjargað mannkyninu og þetta eru svoléðis ljóð.“



Argóarflísin eftir Sjón: „Hann nær enn einu sinni að hrifa mann inn í algerlega nýja heima í sínum leik með goðsögur og goðsagnaheima og gefur alltaf nýtt sjónarhorn á sögur sem maður heldur maður gjörþekki.“



Slepptu mér aldrei eftir Kazuo Ishiguro: „Þessi bók er æðisleg, sagan er í senn eitt-hvað svo falleg og jafnramt áttanleg sýn á mögulega framtíð mannkyns.“



Sólskínshestur eftir Steinunni Sigurðardóttur: „Saga til að deyta fyrir, ég grét á meðan ég las hana og líka þegar ég skrifaði ritdóminn um hana. Hún fjallar um sorg og dauða á guðdómlega fallegan hátt en veitir líka ánægju og Steinunn nær alltaf að bæta húmorum inn í allt sem hún gerir. Þessi bók spilar á öll skilningarvitin og tilfinningaróróf.“

Úlfhildur átti ekki í miklum vandræðum með að nefna þær bækur sem henni finnst bestar í jólabókafloðinu í ár.

Yosoy – af líkamslistum og hugarvíli í hryllingsleikhúsinu við Álafoss eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. „Guðrún Eva sýnir sig enn og sannar með þessari bók og er hér með komin í hóp með okkar allra bestu höfundum. Hún teygir sig langt og í margar skemmtilegar áttir, samtímis því að vera mjög íslensk. Þetta var algjör upplifun.“




Jólatilboð
20%
afsláttur

af fiskabúra,
hamstrabúra og
fuglabúra-
pökkum með öllu
sem til þarf

DÝRARÍKIÐ

Grensásvegi s:5686668
Skútvogvi 16 s:5680020
Akureyri s:4612540
www.dyrrarid.is



AKOS / IS-001

Samskipan gleði og þjónustulundar

Fullkominn skipa- og tækjakostur Samskipa og áreiðanlegir samstarfsaðilar skila vörinni á áfangastað fljótt og vel. Við trúum því að það sé síðan starfsfólkið, starfsgleði þess og þjónustulund sem ráði úrslitum um ánægju viðskiptavinarins.

Samskip - Yfir lönd yfir höf.

SAMSKIP

Kjalarvogi • 104 Reykjavík • Sími 458 8000 • Fax 458 8100 • samskip.is



Eins gott að framleiða einhverja lesendur

Sigrún Eldjárn á tuttugu og fimm ára rithöfundarafmæli í ár og afraksturinn er heilar þrjátíu barnabækur. Þrjár þeirra eru nýjar. Þorrablót og Jólasaga fjalla um Kugg sem fyrst kom fram á sjónarsvið sem sögupersóna 1983 og Steinhjartað er þriðja ævintýrabókin um Stínu og Jonna.

Sigrún vinnur jöfnum höndum sem rithöfundur og myndlistarmaður. Auk þess að myndskreyta bækur sínar og margra annarra líka liggur eftir hana fjöldi listaverka, einkum á grafíksviðinu. Vinnustofan hennar, sem er áföst heimilinu, ber vott um alla þessa iðju enda segir hún það part af vinnuferlinu hjá sér að teikna þegar hún er að skrifa. Skyldu þá sögurnar og myndirnar í þær skapast til skiptis? „Já, þegar nýjar persónur koma til sögunnar þá byrjar það oft þannig að ég teikna eitthvert fólk,“ segir hún brosandí. Hún hugsar sig aðeins um þegar hún er spurð hvort hún sæki persónur sínar í lífið og raunveruleikann. Hvort hún og systkini hennar séu kannski þarna einhverstaðar. „Nei, ég held nú ekki. Þetta eru alveg tilbúnar persónur en auð-



BIRTA/EÓL

Sigrún Eldjárn er mikilvirkur barnabókarhöfundur sem fæst jöfnum höndum við ritstörf og myndlist.

við verður maður fyrir áhrifum af öllu mögulegu og sækir sér efnivið út um allt, bæði meðvitað og ómeðvitað.“

Sigrún hefur eingöngu skrifað fyrir börn og býst við að þannig verði það áfram. „Mér finnst það mikilvægt starf að gera bækur fyrir börn en stundum þykir manni það vera vanmetið í samfélaginu. Það er þó þýðingarmikið því vitaskuld eru það börnin sem eiga eftir að lesa skáldsögurnar sem hinir eru að skrifa svo það er eins gott að framleiða einhverja lesendur!“

Sjálf kveðst Sigrún hafa lesið mikið sem barn. „Ég fór oft á bókasafnið og birgði mig upp,“ rifjar hún upp. En var lesið fyrir hana heima? „Já, ég lærði nú snemma að lesa og eftir það held ég að ekki hafi verið lesið mikið fyrir mig, nema þá útlendar sögur sem þurfti að þýða.“ Þar sem hún leggur mikla alúð í myndskreytingar bóka er hún spurð hvort henni hafi þótt vanta myndir í bækurnar sem hún las sem barn. „Maður hugsaði kannski ekki þannig en ég man mjög eftir þeim myndum sem voru í bókunum, til dæmis bókunum um Dísu ljósálf og Dverginn Rauðgrana sem voru með myndum á hverri síðu. Myndirnar eru alveg þrykktar í hugann.“

Nú er hún beðin að lýsa aðeins nýutkomnu bókunum sínum þremur. „Kuggur hefur fylgt mér lengi. Á níunda áratugnum komu út þrjár bækur um hann með fjórum til fimm sögum hver og í fyrra hóf ég endurvinnslu á þeim með miklu meira myndefni en áður. Þorrablót og Jólasaga eru í sama formi en alveg nýjar sögur. Svo er meiri texti í Steinhjartanu. Hún er þriðja bókin um Stínu og Jonna sem lenda í gífurlega spennandi ævintýrum. Hinar bækurnar um þau komu út í fyrra og hitteðfyrra, Týndu augun og Frosnu tærnar. Ég er búin að vera með þessa þriðju bók í kollinum allan tímann en hún er unnin á þessu ári og því síðasta.“


Sigrún á þrjú börn sem hún segir reyndar orðin „svoltið öldruð“, það yngsta sé sextán ára. „Þau lesa alltaf yfir fyrir mig og eru mínir gagnrýnendur,“ upplýsir hún en viðurkennir líka að rithöfundarstarfið sé mikið einyrkjastarf.

„Maður er alltaf einn að þuða og svo allt í einu í desember þegar bækurnar koma út verður maður allt í einu að vera svo mannblendinn, fara út um allt og lesa upp og tala við blaðamenn og svona. Þannig að það er dálítið skrytið starf. Það þarf dálitinn sjálfsgaga að vinna svona en það hefur gengið alveg ágætlega.“

- Þú virðist vera nokkuð harður húsbóndi.

„Já, ég skemmti mér bara svo vel við þetta. Ég væri ekkert að þessu annars,“ segir Sigrún brosandí að lokum.

ÖÐRUVÍSI JÓLAGJAFIR



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

REPEAT fatnaður / ZENTO skór / skart / toppar / veski / treflar / úr / LEE GALLABUXUR / INTENSIVE SPA VÖRUR FRÁ ISRAEL / LOVE LINE KREMIN FRÁ ISRAEL / HEILSUSKÖRNIR / INDULGE VARAN SEM OPRAH ELSKAR: Body Butter / Body Scrub / ilmkerfi / baðbombur og baðkockteilar.



ZANDRA
Zandra Garðatorgi
sími 533-3931 / 899-6669

Hlýleg húsgögn og gjafavörur!



Gífurlega fjölbreytt úrval af fallegru gjafavöru, m.a. nýjar tegundir af englunum vinsælu og flottum jólasveinum.

Enn fleiri falleg hús með ljósum komin, ilmkerti í öskjum, klukkur, kertastjakar, fallegir bútasaumsdúkar, rúmteppi og margt, margt fleira.

Skoðið gjafahugmyndir okkar á www.virka.is

Sjón er sögu ríkarí!

Verslunin er opin mán-fös frá 10-18
Laugardaginn 10 des. frá 11-18



VIRKA Húsgögn

Mörkin 3, sími 568 7470
www.virka.is



Ljóðaleg jól

Ljóðið er amma allra annarra bókmennta og þrátt fyrir að margir hafi viljað spá því dauða sést það best á jólaútgáfunni að þær fregnir eru stórlega ýktar. Ljóðin, ljóðin, alls staðar, virðist vera viðkvæðið um þessi jól. Það hefur ekki gerst í háa herrans tíð að svo margar ljóðabækur séu á boðstólum fyrir bókasælkera á þessum árstíma. Ljóðahlaðborðið beinlínis svignar af krásum og það er um að gera að taka hraustlega til matar síns. Hér má sjá örlítið sýnishorn:



Margrét Lóa Jónsdóttir:
TÍMASETNINGAR

«Margréti Lóu ætti að vera óþarfi að kynna ljóðaunnendum en hún hefur verið á ljóðasviðinu í mörg ár. Í þessari bók veltir hún fyrir sér guði, stríði og tímanum og því hvernig er hægt að skapa betri heim.



«Þessi bók hefur verið nefnd Ljóðahrollvekja en ljóðmældinn dvelur á draugasetri þar sem draumar og veruleiki verða eitt, tíminn hverfur og dauðir ráða ríkjum. Þetta er sjötta ljóðabók þessa ljóðvinar.

Kristian Guttesen:
LITBRIGÐAMYGLA



Halldóra Kristín Thoroddsen:
GANGANDI VEGFARANDI

«Nafn Halldóru Kristínar Thoroddsen hefur ekki verið á allra vörum en þarna fer einstaklega skemmtilegur og lifandi rithöfundur. Síðasta bók hennar, órsagnabókin 90 sýni úr minni mínu, vakti verðskuldaða athygli og aðdáendur þeirrar bókar ættu ekki að verða fyrir vonbrigðum með þessar at-huganir gangandi vegfarandans.




ULLARVEÐUR

Góð og hlý ullarföt fyrir krakka á öllum aldri og foreldrana líka.

Gott verð!



JANUS

Barónstíg 3 • 101 Reykjavík • s. 552-7499

Opíð :
mán.- fös. 1100-1800 laug. 1100-1600

Þórarinn Eldjárn:
HÆTTIR OG MÖRK >>

Þórarinn Eldjárn er eitt skemmtilegasta ljóðskáld okkar tíma og það er alltaf veisla þegar ný ljóðabók eftir hann lítur dagsins ljós. Þessi bók ætti að vera aðdáendum hans til ómældrar skemmtunar, sem og öllum þeim sem hafa gaman af íslenskrri tungu.




« **Jónas Þorbjarnarson:**
HVAR ENDAR MAÐUR?

Jónas Þorbjarnarson hefur löngum verið í upphaldi ljóðaunnenda enda sérlega fær myndasmíður í orðum. Þetta er sjöunda ljóðabókin hans og hann gefur ekkert eftir í lipurlegum stíl og einföldum sannleikskornum.

Njórður P. Njaróvík:
AFTUR TIL STEINSINS >>

Í bókinni er meðal annars fjallað um nútímann með táknrænum vísunum í norræna goðafræði og fjallað um þá ótal steina sem fyrir verða á lífsins vegi, óskasteina, álfasteina og vörður sem vísa förumanni leið. Njórður er þekktur fyrir ritstörf sín og þessi ljóð eiga eflaust eftir að skilja mikið eftir sig hjá lesandanum.



Í gylltum ramma

Saga Sigríðar Þorvaldsdóttur
skráð af Jóni Hjartarsyni



Áhrifamikil saga söngleikjastjörunnar
sem **missti málið** á hátindi frægðar sinnar.
Skemmtileg bók um **viðburðaríka** ævi hrífandi konu.

Einstakt tilboðsverð í fjölda verzlana

*Ævisögur í nóvember: Penninn



Fróðlegar og fjörugar fræðibækur

Jólabækurnar eru ekki allar skáldsögur, þvert á móti. Alls kyns bækur um ýmsan fróðleik má finna um hver bókaþól. Reyndar komu sumar þeirra út fyrr á árinu en þær má vissulega telja sem jólabækur. Ekki er einungis um sögubækur að ræða heldur bækur sem fjalla um ákveðin efni, bæði sértæk og ósértæk. Fræðibækur eru jólagjöf sem endist þeim sem hana hlýtur ævilangt. Í þær má líta aftur og aftur til þess bæði að endurkveikja gleymdar staðreyndir og til þess að afla sér nýrrar vitneskju.



HUGMYNDIR SEM Breyttu Heiminum
Bók eftir Felipe Ferandéz Armesto í þýðingu Róberts Jack. Fjallar um 175 uppgötvanir sem breyttu heiminum að mati höfundar. Einkar aðgengileg og afar auðlesin. Ríkulega myndskreytt og mjög þægilega uppbyggð sem gerir það að verkum að hægt er að opna á hvaða stað sem er og byrja að lesa.


ÍSLENSK KNATTSPYRNA 2005

Hinar árlegu bækur um íslenska knattspyrnu eftir Víði Sigurðsson eru skyldueign allra knattspyrnuáhugamanna. Í þær má leita ár eftir ár til þess að rifja upp bæði hlátur og grát. Bókin hefur aldrei verið eins vegleg en hún er alls 224 blaðsíður og skartar yfir 500 ljósmyndum. Sérstakur aukakaffi um Eið Smára er í bókinni þar sem ferill hans er rakinn.



TÍSKA ALDANNA

Bók sem kom út fyrr á þessu ári og er sögulegt yfirlit um strauða og stefnur í heimi tiskunnar allt frá fornöld til dagsins í dag. Afar áhugaverð bók og í henni má finna marga skemmtilega fróðleiksmola. Farið er vel yfir helstu tiskustrauma á hlutlausan hátt. Meira hefði mátt fjalla um tisku karla, þó hún sé kannski ekki eins stórbrotin og tiska kvenna.



Tilboð á völdum vörum



local

Húsgögn og gjafavara

Skeifan 3A • 108 Reykjavík • Sími: 517 3600

Fax: 517 3604 • mylogo@mmedia.is • www.local1.is



FÁNÝTUR FRÓÐLEIKUR

Bók í þýðingu Ásgeirs Bergs Matthíasarsonar sem heitir á frummálinu The Book of Useless Information. Í bókinni er hægt að finna ógrynni af hagnýtum fróðleik, jafnt sem gjörsamlega óþörfum. Hver hefur til dæmis ekki gott af því að vita að algengustu orðin í Íslendingasögnum eru maður, konungur og skip eða að 8.800 manns slasa sig árlega með tannstönglum?

JÓHANNES S. KJARVAL

Eint hvert aleigulegasta sagn- og listfræðirit sem komið hefur út á íslenski tungu. Fjallar um okkar ástsælasta listmálara og áhrif hans á íslenskt menningarlíf. Alls komu sex höfundar að verkinu og gera þeir bæði ævi meistarans og verkum ítarleg skil. Bókin var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna í flokki bóka almenns efnis.



JÖRÐIN

Stórmerkilegt og fræðandi verk. Telur rúmlega 500 blaðsíður sem allar eru ríkulega myndskreyttar bæði með ljósmyndum og skýringarmyndum. Upplýsingar um allt það sem viðkemur jarðkringlunni, allt frá kjarna jarðar til lofthjúpsins. Fjallar einnig um nýlegar hugmyndir manna um ýmsa þætti jarðarinnar eins og um uppruna hennar og fólksfjölgun.

ÖÐRUVÍSI JÓLAGJAFIR



FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

REPEAT fatnaður / ZENTO skór / skart / toppar / veski / trefflar / úr /
LEE GALLABUXUR / INTENSIVE SPA VÖRUR FRÁ ISRAEL / LOVE LINE KREMIN FRÁ
ISRAEL / HEILSUSKÓRNIR / INDULGE VARAN SEM OPRAH ELSKAR: Body Butter /
Body Scrub / ilmkerfi / baðbombur og baðkokkteilar.



ZANDRA
Zandra Gardatorgi
sími 533-3931 / 899-6669

naturasun

Leyfðu viðskiptavini þínum að fá það sem hann á skilið !!



naturasun er
það eina
sem fólk er
að nota í dag.

www.hafnarsport.is
S: 5173700 / 8202188

HREYFI LAND

HREYFILAND er 2 ára



Komdu á **10 vikna námskeið hjá okkur og borgaðu fyrir 8 vikur** (2 frjár vikur)

Taktu okkar
frábæra tilboði
10 vikur fyrir 8!!

Við bjóðum upp á sérstök námskeið:

Bumbufimi – Mæðrafimi (mómmur og börn frá 6 vikna - 18 mánaða) – Snillingafimi (börn frá 3 mán - 11 mán) – Hreyfifimi (börn frá 1-2 ára) – GÞ-fimi (börn frá 3-5 ára) – Dansleikfimi (konur 20+) –

Gjafakort fyrir jólin frá 5000 
NÝ NÁMSKEIÐ ERU AÐ HEFJAST

HREYFI  LAND er fjölskyldu- og barnvæn líkamsræktarstöð síðan 2003

sími: 577 2555 og 899 7255 | 110 Reykjavík | Stangarhyl 7
www.hreyfiland.is | mottaka@hreyfiland.is

GJAFIR FYRIR SÆLKERA



Bragðgóðar
gjafapakningar með
kertum, kryddum,
tónlist og öðru
góðgæti.

La Vida

Gjafir fyrir sælkera

Laugavegur 51, 101 Reykjavík sími 552 8881



Harpa Jónsdóttir
„Mig langar í Jörðina.“



Kolbrún Hálfánardóttir
„Bókin Í fylgd með fullorðnum eftir Steinunni Ólínu heillar mjög.“



Kjartan Þór Kjartansson
„Það eru svo margar sem mig langar í. Til dæmis Skuggabörn og Rokland.“

Hvaða bók langar þig í jólagjöf?

GEORGE FOREMAN

HEILSU OG SÆLKERAGRILLIN



Nýtt
af George Foreman!

Reykjavík: Hagkaup, Egert, Elka, Byko, Þrygg & Bull
 Hafnarfjörður: Rafnattli, Einarbætur
 Akureyri: Byko, Hagkaup
 Selfoss: Árvíkinn, Byko
 Stykkishólmur: Veituhúsið
 Reykjavíkur: Byko
 Akranes: Hljómskipti
 Vestmannaeyri: Gósi

Siglufjörður: Eirafelst
 Húsið: Önggi
 Ísafjörður: Smátt
 Bergen: Samkaup

Egilsstaðir: Smári KÍB
 Reikjadalur: Rafnattli
 Reykjavík: Byko
 Íshólma: Koffeinufluggi

marco heildverslun
www.marco.is



Teitur Jensson
„Ætli mig langi ekki í nýju bókina hans Ólafs Gunnarssonar, Höfuðlausn.“



Sigríður E. Sturludóttir
„Mig langar í nýjstu Harry Potter-bókina.“



Heppnir fá þá eitthvað fallett...

Jólaskór

Kron kr. 22.500



Shoe Studio kr. 15.900



Kynning



Aldo kr. 6.990




Shoe Studio kr. 9.900

Það styttist óðum í jólin og nú er tími til að finna sér fallega jólaskó við jóladressið. Gylltur er áberandi tískulitur í ár en liturinn prýðir mikið af fatnaði og skóm í verslunum þessa dagana. Há stígvél í margs konar stíl eru mikið inni þennan veturinn og því er um að gera að eiga eitt ef ekki tvö pör af þeim við jóladressið í ár.



Steinar Waage kr. 16.995



Hönnun og myndir: Íris Dögg Pétursdóttir



Bossanova kr. 18.550



Ozio collection kr. 8.990



Valmiki kr. 8.995



Jólbrauð



Jól saltkringlur



Ensk ávaxtakaka



Súkkulaðibitar



Prinsessukökur



Negulkökur



Lagkaka
Hræró dókk
& hræró ljós



Lagkaka
Hnoðuð dókk



Lagkaka
Hnoðuð ljós

Jólin að hætti Jóa Fel

Nú er Jói Fel byrjaður að undirbúa jólin. Hjá Jóa Fel er eingöngu bakað úr fyrsta flokks hráefni. Við bjóðum ykkur að kynnst jólabakstrinum í nýjum jólabúningi. Verið velkomin!

Kleppsvegi 152
Smáralind

Mán. - föst. 7 - 18. Laug. - sun. 7 - 16.

Mán. - föst. 9 - 19. Laug. 10 - 18. Sun. 12 - 18.





Grasrótin kemur upp á yfirborðið

Jólaljósín ljóma og hljóðmarnir hljóma. Fyrir hver jól koma plötur í búðir sem vonast er til að nái eyrum hlustenda í gegnum jólapakkana. Plötuskriðan í ár er stærri en nokkru sinni fyrr að mati sérfræðinga og talað er um að meira en 200 nýir titlar séu í verslunum fyrir þessi jól. Plöturnar eru af ýmsum toga, sumir spila lög eftir aðra, aðrir eftir sig, sumir popp, aðrir klassík og enn aðrir rokk. Hér eru nokkrar athyglisverðar meðanjarðargrasrótarpötur að mati tónfræðinga Birtu.

Ölvis/The Blue Sound

Hljómlistarmaður og plata sem ekki hefur farið mikið fyrir. Platan kemur út hjá litlu bresku plötufyrirtæki að nafni Resonant



sem gefur út nokkrar aðrar íslenskar hljómsveitir. Hún er einstaklega vönduð enda fékk Ölvis til liðs við sig marga hæfileikaríka einstaklinga og má þar nefna nokkra meðlimi Sigur Rósar. Platan er öll sungin á íslensku en nöfn laganna eru samt sem áður á ensku. Falleg og litrík plata sem fólk ætti að athuga betur.

Kimono/Arctic Death Ship

Þessi hljómsveit hefur sannað sig á tónleikum undanfarið sem langbesta hreinræktaða indírokkhljómsveit landsins enda geysilega vel spilandi og þétt. Fyrri plata hljómsveitarinnar náði ekki alveg að beisla þann kraft sem einkennir hljómsveitina á tónleikum en þessi nær því mun betur. Samspil gítaranna tveggja er magnað og myndar oft skemmtilegan samhljóm eins og til dæmis í laginu Aftermath. Spænska lagið Sonar sannar það hversu góðir lagasmiðir drengirnir eru. Kraftmikil og glæðandi.



(Þórir) My Summer as a Salvation Soldier / – Anarchists Are Hopeless Romantics

Hin ungi og einlægi Þórir sendi frá sér aðra plötu sína á tveimur árum. Þessi plata er rökrétt framhald fyrri plötunnar þar sem Þórir hefur vandað lagasmiðarnar og gert þær beittari. Hin ljúfi kassagítar er gegnumgangandi á allri plötunni og myndar þannig sterka heild, jafnvel þó leitað sé í rafræna tóna. Þó svo að textarnir séu innhverfir og oft á tíðum þunglyndislegir ríkir einhver sérstakur bjarni yfir plötunni sem gerir hana að áheyrilegum grip.



Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



ANNA
MARÍA
DESIGN

GULLSMÍÐUR

Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

Ampop/My Delusions



Frábær plata frá upphafi til enda. Söngstillinn minnir helst á einhverja blöndu af REM og Suede, lögin eru angurværar popp/rokk/rafmelódúr þar sem strengir og slagverk leika mikilvæg hlutverk. Þetta er plata til að hlusta á í rigningu eða stormi, um lágnættið. Þetta er þriðja breiðskífa sveitarinnar og hefur hlotið talsverða hlustun í Bretlandi en titillagið My Delusions var í fastri spilun á BBC World fyrr á þessu ári. Ljúfsár og angurvær gæða-plata sem á eftir að lifa lengi.

Mugison/Little Trip

Mugisonaðáendur fá aldrei nóg af þessari sérkennilega sáru tónlist og fagna öllu nýju sem Mugison lætur frá sér. Hér er tónlist hans úr kvikmyndinni A Little Trip to Heaven. Mugison tekst einhvern veginn alltaf að koma pínulítið á óvart og svo er einnig hér. Á plötunni eru sextán lög en aðeins þrjú þeirra eru sungin. Nokkur þeirra bera nöfn tónlistarmannanna sem koma við sögu á plötunni, sem gefur henni sérstakan blæ. Sautjándi lagið er svo sérstakur bónus – hið skemmtilega Murrmurr í áður fáheyrðri útsetningu. Jólagjöf Mugisonaðáenda hvarvetna.



Kæru konur!

Mig langar til að vitna í þau hjón, Allan og Barböru Pease sem segja í formála að bók sinni, **ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ KARLAR LJÚGA OG KONUR GRÁTA:**

„Kannski **verða** karlar og konur eins einhvern daginn. Kannski finnst konum gaman að horfa á kappakstursbíla aka hring eftir hring og kannski verður litíð á búðarferð sem líkamsrækt. Kannski verða allar klósettsetur negldar niður, kannski tala konur einungis á meðan auglýsingar eru og karlar lesa **Playboy** aðeins fyrir bókmenntalegt gildi.

Við efumst um það – að minnsta kosti gerist það ekki á næstu árpúsundum. Þangað til skulum við halda áfram að skilja, hafa stjórn á og læra að þykja vænt um mismun okkar. Afleiðingin verður sú að við fáum ást og væntumþykju til baka. *Njótið bókar okkar!*”

Ég segi slíkt hið sama og þakka ykkur af öllu hjarta fyrir frábærar móttökur bóka okkar; **ÞÚ ERT ÞAÐ SEM ÞÚ BORDAR**, hefur þegar selst í 2.000 eintökum og **ÁSTÆÐUR ÞESS AÐ KARLAR LJÚGA OG KONUR GRÁTA** og **SVIK** eru nálega á þrotum hjá forlaginu.

Fyrir hönd Bókaútgáfunnar Hóla óska ég ykkur öllum **gleðilegra jóla**.

Með kærri lestrarkveðju,
Jón Hjaltason.



BÓK TIL BETRA SAMLÍFS

Bókin sem hjálpar körlum að skilja konur og konum að skilja karla.

Innsæi og hlýleg kímni gáfa, einkennir þessa löngu tímabæru bók.

Bókin sem bætir samskipti kynjanna og gerir hjónabandið betra.



BÓK TIL SPENNU

Karin Alvtegen er tveggja barna fráskilin móðir. Bækur hennar hafa verið þýddar á yfir 20 tungumál. Hún hefur hreppst Glerlykilinn og SVIK var 2003 tilnefnd sem besta sænska spennusagan. Karin er ekki rithöfundurinn í fjölskyldunni, sjálf Astrid Lindgren var náfrænka hennar.

„Þetta er bók fyrir spennufíkla”

Dagbladet
